



www.unak.is



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI
ÁRSSKÝRSLA 2004

Háskólinn á Akureyri

www.unak.is

Sólborg v/Norðurslóð


600 Akureyri

Sími: 460 8000



EFNISYFIRLIT

Skipurit og stjórn	bls. 04
Formáli rektors	bls. 05
Nemendafjöldi	bls. 06
Starfsmannamál	bls. 06
Heiðursdoktorsnafnbót	bls. 07
Útgáfa Genfarsamninga	bls. 07
Auðlindadeild	bls. 08
Félagsvísinda- og lagadeild	bls. 10
Heilbrigðisdeild	bls. 12
Kennaradeild	bls. 14
Upplýsingatæknideild	bls. 16
Viðskiptadeild	bls. 17
Upplýsingasvið	bls. 18
Samskiptamiðstöð	bls. 19
Markaðs- og kynningarmál	bls. 19
Kennslusvið	bls. 20
Rannsókn- og alþjóðasvið	bls. 22
Nemendasamfélagið	bls. 26
Fjarnám	bls. 28
Símenntun	bls. 30
Matvælasetur Háskólans á Akureyri	bls. 31
Ferðamálasetur Íslands	bls. 32
Frumkvöðlasetur Norðurlands	bls. 33
Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri	bls. 34
Bygðarannsóknastofnun Íslands	bls. 35
Borgir	bls. 36
Stúdentagarðar	bls. 37
Samningar og samstarfsstofnanir	bls. 38
Styrkir - gjafir	bls. 39
Ársreikningur	bls. 40
Brautskráning	bls. 42
Brautskráningarræða rektors	bls. 43
Brautskráðir - listi	bls. 46
Lokaverkefni	bls. 48
Starfsmenn - listi	bls. 50



STJÓRN

Háskólaráð er æðsta vald innan háskólans. Í ráðinu eiga sæti tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðherra, einn fulltrúi nemenda og rektor sem er formaður. Háskólaráð hélt 12 fundi á árinu 2004. Háskólaráði til ráðgjafar starfar fagráð en í því eiga sæti rektor, framkvæmdastjórar, deildarforsetar og forstöðumenn sviða. Á árinu var Þorsteinn Gunnarsson endurskipaður í stöðu rektors til næstu fimm ára.

Háskólaráð var skipað eftirtöldum fulltrúum á árinu 2004:

Þorsteinn Gunnarsson, rektor
Baldur Guðnason framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Hermann Óskarsson dósent, fulltrúi kennara
Sigrún Sveinbjörnsdóttir lektor, fulltrúi kennara
Andrea S. Hjálmsdóttir, fulltrúi nemenda

Til vara:
Ellen Ellertsdóttir, fulltrúi nemenda til maí 2004
Kristján Sturluson, fulltrúi nemenda frá júní 2004
Guðbrandur Sigurðsson framkvæmdastjóri, fulltrúi menntamálaráðherra
Sólveig Ása Árnadóttir lektor, fulltrúi kennara
Steingrímur Jónsson prófessor, fulltrúi kennara

Rektor
Þorsteinn Gunnarsson

Framkvæmdastjórar
Ólafur Búi Gunnlaugsson framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar
Ógmundur Knútsson framkvæmdastjóri starfsþróunar og stefnumótunar

Deildarforsetar


Auðlindadeild:
Björn Gunnarsson
Félagsvísinda- og lagadeild:
Mikael M. Karlsson
Heilbrigðisdeild:
Þórarinn J. Sigurðsson
Kennaradeild:
Guðmundur Heiðar Frímannsson – Anna Þóra Baldursdóttir tók við starfinu 1. ágúst er Guðmundur fór í starfsleyfi
Viðskiptadeild:
Bjarni P. Hjarðar – Helgi Bergs tók við starfinu 1. september er Bjarni fór í starfsleyfi
Upplýsingatæknideild:
Mark O'Brien

Forstöðumenn

Fjármálasvið:
Úlfar Hauksson
Kennslusvið:
Laufey Petrea Magnúsdóttir
Rannsókn- og alþjóðasvið:
Þórleifur S. Björnsson
Samskiptamiðstöð:
Jóna Jónsdóttir
Upplýsingasvið:
Sigrún Magnúsdóttir



FORMÁLI REKTORS



Háskólinn á Akureyri hefur á stuttri ævi þróast mjög hratt sem öflugt og framsækið háskóla-samfélag. Þar takast nemendur á við ögrandi og heillandi viðfangsefni vísinda og hagnýtrar þekkingar undir leiðsögn metnaðarfullra háskólakennara. Háskólinn á Akureyri er þekktur fyrir þá góðu menntun sem hann veitir í mörgum mikilvægum fræðigreinum sem og fyrir fjölbreytt og gefandi samstarf við atvinnulífið og rannsóknastofnanir þess. Háskólinn hefur einnig getið sér gott orð fyrir uppbyggingu nýrra fræðigreina hér á landi, fjarnám og að nýta nútímalega upplýsinga-tækni þjóðinni til hagsbóta.



Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi og þróun háskólans á ýmsum sviðum á árinu 2004. Eins og oft áður einkenndist árið af mikilli uppbyggingu og breytingum. Rannsóknastarf kennara, sérfræðinga og annarra fræðimanna eflidist mikið. Borgir, nýtt rannsókn- og nýsköpunarhús var tekið í notkun en þar er fyrsta flokks kennslu- og rannsóknastaða í raunvísindum, náttúruvísindum og fleiri fræðigreinum. Einnig var flutt inn í nýjan glæsilegan stúdentagarð við Tröllagil þar sem leikskóli er á tveimur neðstu hæðunum. Þessi öra þróun er fyrst og fremst ávöxtur af starfi áhugasamra og hæfra kennara, samhents og fórnfúss starfsfólks og allra þeirra ágætu nemenda sem hér stunda nám. Í Háskólanum á Akureyri ríkir andi brautryðjendastarfs þar sem hindrunum fortíðar er breytt í tækifæri morgundagsins.

Ég vil þakka Laufeyju Sigurðardóttur, ritstjóra ársskýrslunnar, fyrir vel unnin störf og allir þeir fjölmörgu sem lögðu til efni í skýrsluna eða aðstoðuðu við gerð hennar með öðrum hætti fá einnig mínar bestu þakkir.

Þorsteinn Gunnarsson

Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Alls voru 1516 nemendur skráðir til náms á haustmíssi 2004 þar af 677 nýnemar. Mikill meirihluti nemenda eru konur eða 1152 og karlar því 364. Í staðarnámi voru 772 nemendur, 569 stunduðu fjarnám og 175 lotubundið nám. Í grunnnámi voru 1335 nemendur og 181 í framhaldsnámi. Í fyrsta sinn í sögu háskólans setti háskólaráð reglur um fjöldatakmörkanir fyrir allar deildir hans og var 71 nemanda neitað um skólavist. Grípa þurfti til þessa þar sem vaxandi aðsókn hefur verið að námi við háskólann og fjárveitingar ekki í samræmi við hana. Jafnframt er nauðsynlegt að horfa til gæða námsins og inntökureglur voru hertar hvað varðar kröfur um lágmarksmenntun. Áður hefur verið beitt fjöldatakmörkunum í heilbrigðisdeild vegna takmarkaðs fjölda klínískra plássna.



STARFSMANNAMÁL

Í lok árs 2004 voru 177 fastir starfsmenn við Háskólann á Akureyri. Lausráðnir stundakennarar, prófdómarar og aðrir tímavinnu-starfsmenn eru ekki meðtaldir en þeir voru 493 í lok ársins. Heildarfjöldi starfsmanna var því 670. Stærsti hluti háskólamenntaðs starfsfólks er í Félagi háskólaakennara á Akureyri (FHA) samtals 135, 11 eru í Félagi prófessora, 29 í Starfsmannafélagi ríkisstofnana (SFR) og tveir eru utan félaga. Í FHA voru 12 dósentar, 49 lektorar, 22 aðjúnktar og annað háskólamenntað starfsfólk 52. Samninganefnd ríkisins gerir kjarasamninga við FHA og SFR fyrir hönd fjármálaráðherra. Kjaranefnd úrskurðar um laun rektors og prófessora.

Fastir starfsmenn	Karlar	Konur	Alls
Prófessorar	12	02	14
Dósentar	10	02	12
Lektorar	20	29	49
Aðjúnktar	10	12	22
Sérfræðingar	06	10	16
Skrifstofufólk	21	30	51
Aðrir	4	9	13
Alls	83	94	177



Dr. Shirin Ebadi var gerð að heiðursdoktor við félagsvísinda- og lagadeild við athöfn sem fram fór í Ketilhúsinu þann 6. nóvember 2004. Í ræðu sem hún hélt við það tækifæri sagðist hún afar þakklát og stolt fyrir þá viðurkenningu sem í því fælist. Hún sagðist vona að koma mætti á samskiptum milli Íslands og Íran og við það gæti skilningur milli landanna aukist þrátt fyrir ólíkan menningarlegan bakgrunn.

Shirin Ebadi hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 2003 fyrir þrotlausa baráttu fyrir mannréttindum í heimalandi sínu, Íran. Hún er fædd í Íran árið 1947. Hún lauk lagaprófi frá Háskólanum í Teheran og var í hópi brautryðjenda úr röðum kvenna í dómarastétt. Shirin Ebadi var forseti borgardóms í Teheran 1975–1979 en eftir byltinguna 1979 var hún neydd til að segja af sér þar sem túlkun bókstafstrúarmanna var að samkvæmt íslam gætu konur ekki kveðið upp dóma. Eftir þrettán ára baráttu hennar og margra annarra gegn þessum skilgreiningum kvað dómskerfið loks upp úr um að þetta hefði verið rangt. Shirin Ebadi er löngu þekkt sem lögmaður og verjandi baráttufólks fyrir mannréttindum í Íran. Hún er talsmaður fyrir hófsöm sjónarmið í trúmálum og fylgir íslamskri endurskoðunarstefnu sem hún telur að geti vel átt samleið með mannréttindum og lýðræði. Hún er sérstakur talsmaður mannréttinda flóttafólks, kvenna og barna.

Meðan hún dvaldi hér á landi heimsótti hún bæði forsætis- og utanríkisráðherra sinn í hvoru lagi og tóku ráðherrarnir vel í mál hennar og lofuðu stuðningi við mannréttindi á alþjóðavettvangi. Utanríkisráðuneytið og Akureyrarbær styrktu komu hennar til landsins.



F.v. Margrét Heinreksdóttir framkvæmdastjóri Mannréttindastofu Íslands, Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, Ágúst Þór Árnason verkefnastjóri félagsvísinda- og lagadeildar HA, Úlfar Hauksson stjórnarformaður Rauða kross Íslands, Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra og Þorsteinn Gunnarsson rektor HA.

GENFARSAMNINGAR

Útgáfa Genfarsamninganna á íslensku var kynnt við hátíðlega athöfn þann 10. maí en unnið hafði verið að þýðingu þeirra í áraradír. Við sama tækifæri var tilkynnt að félagsvísinda- og lagadeild hefði tekið að sér að sinna fræðslu- og upplýsingastarfi um efni Genfarsamninganna um allt land í samræði við Rauða krossinn og utanríkisráðuneytið. Er það mikill heiður og vel við hæfi að félagsvísinda- og lagadeild hafi tekið verkefnið að sér en deildin leggur einmitt sérstaka áherslu á kennslu í mannréttindum og mannúðarrétti. Kynningin fór fram í Eyjafirði til að minna á atburð sem sagt er frá í Víga-Glúms sögu. Þar segir frá því að Halldóra kona Víga-Glúms gengur út á vígvöllinn með griðkonum sínum og gerir að sárum bæði vina og óvina án þess að fara í manngreinaralit. Sagan minnir óneitanlega á atburðina við Solferino árið 1859 sem teljast marka upphaf Genfarsamninganna og Rauða krossins. Samningarnir eru varðveittir á bókasafni háskólans.



AUÐLINDAEILD

Við auðlindaeyld voru alls 117 nemendur skráðir til náms á haustmísseri 2004. Á líftækniþraut voru 28 nemendur við nám, 57 nemendur voru á sjávarútvegs- og fiskeldisþraut, þar af 51 á sjávarútvegssviði og sex á fiskeldissviði, 31 á umhverfis- og orkuþraut og einn nemandi var í meistaranámi (M.Sc.) í sjávarútvegsfræði. Bóðið var upp á B.Sc.-nám í staðarnámi og fjarnámi. B.Sc.-námið tekur þrjú ár og er samtals 90 námseiningar. Vorið 2004 brautskráðust 11 kandiðatar frá auðlindaeyld, þar af fjórir með B.Sc.-honors próf í sjávarútvegsfræði.

Á árinu 2004 var unnið að undirbúningi að 60 eininga M.Sc.-námi í auðlindafræði, og munu fyrstu nemendur innritast í það nám haustið 2005. Leggur deildin mikla áherslu á að efla rannsóknatengt framhaldsnám á meistarastigi og auka enn frekar rannsóknavirkni kennara/sérfræðinga deildarinnar sem er mikil fyrir. Sérfræðingar deildarinnar á árinu 2004 með fasta kennslu- og rannsóknarskyldu voru samtals 14 í 12 stöðugildum. Auk deildarforseta voru fjórir prófessorar, tveir dósentar, sex lektorar og einn aðjúnkt. Nýráðningar á árinu voru tvær: Einar Hreinsson, M.Sc., var ráðinn í stöðu lektors (50%) í veiðitækni með aðsetur á Ísafirði í tengslum við væntanlegt háskólasetur þar og dr. Oddur Vilhelmsson í stöðu lektors í líftækni og fullvinnslu sjávarfangs.

Með tilkomu auðlindaeyldar, sem tók til starfa haustið 2002 á styrkum stöðum fyrrum sjávarútvegsdeildar sem var stofnsett árið 1990, skapaðist einstakt tækifæri fyrir HA til að byggja upp sérstöðu á ýmsum veigamiklum sviðum auðlindafræða hér á landi og miðla nýrri og hagnýtri þekkingu til samfélagsins. Auðlindaeyld er eina deildin innan íslenskra háskóla sem leggur áherslu á hið þverfaglega svið auðlindafræða, þar sem saman fara nám og rannsóknir í raunvísindum og tæknigreinum samhliða áherslum á auðlindahagfræði og stjórnanar- og markaðsfræði. Slík menntun er forsenda góðrar auðlindaeyldar og skipulags og ýtir undir sjálfbæra nýtingu auðlinda og verðmætasköpunar.

Deildin er í nánu samstarfi við fjölda fyrirtækja og rannsóknastofnana hérlendis og má þar m.a. nefna Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hólaskóla, Landsvirkjun, Íslenskar orkurannsóknir, Náttúrufræðistofnun, Vatnamælingar Orkustofnunar, Veðurstofu Íslands, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og líftækniyfirtækið Prokaria. Verið er að koma á svipuðum tengslum við ýmsar erlendar rannsóknastofnanir og háskóla á fræðasviðum deildarinnar. Einnig hefur auðlindaeyld verið í samvinnu við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna (SSÞ) um kennslu og leiðbeiningu nemenda sjávarútvegsskólans.

Þann 8. september 2004 færði Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) háskólanum að gjöf fullkomna neðansjávarmyndavél með öllum tilheyrandi tækjabúnaði. Auðlindaeyld mun hafa umsjón með búnaðinum og verður hann notaður til rannsókna á vegum deildarinnar. Búnaðurinn mun m.a. nýtast vel við veiðarfærarannsóknir, rannsóknir á líf- og vistfræði nytjafiska og annarra lífvera sjávar, rannsóknir á eiginleikum hafsbotsins, seti og setflutningum og við rannsóknir á umhverfisáhrifum framkvæmda og mengun sjávar.

Í byrjun október 2004 flutti auðlindaeyld alla sína starfsemi í nýtt rannsókn- og nýsköpunarhús háskólans að Borgum. Stórbatnaði þar með öll rannsóknaraðstaða og verkleg kennsla raungreina innan deildarinnar. Inn í rannsóknahúsið fluttu einnig margar samstarfsstofnanir deildarinnar. Samstarf þessara stofnana myndar nú sterkan þekkingargrunn (vísindagard) og býður upp á góða aðstöðu til kennslu og rannsókna á öllum sviðum auðlindamála.



AUÐLINDAEILD



Líftækniþraut

Innan líftækniþrautar eru kennd sérhæfð námskeið á sviði auðlindalíftækni ásamt viðskiptagreinum með það að markmiði að gera nemendur eftirsóttá til starfa á ýmsum sviðum líftækinnar, m.a. í matvælaíðnaði, við auðlindanýtingu, við að finna lausn á ýmsum umhverfisvandamálum, og í verkefnum á sviði heilbrigðismála. Megináherslur eru í fyrsta lagi á sviði umhverfis- og orkulíftækni, m.a. niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkurikra efna, í öðru lagi á líftæknilaga þætti fiskeldis með áherslu á heilbrigði og fóður og í þriðja lagi á sviði lífvirkra efna þar sem lögð er áhersla á framleiðslu efna sem bæta heilsu manna, t.d. efni með lyfjavirkni, fæðubótarefni, aukaefni í matvælum og efni sem bæta ónæmiskerfið.

Sjávarútvegs- og fiskeldisþraut

Á árinu var ákveðið að sameina sjávarútvegsþraut og fiskeldisþraut í eina þraut, sjávarútvegs- og fiskeldisþraut. Á sjávarútvegssviði er áhersla lögð á ýmsa séráfanga í sjávarútvegsfræðum auk almennra viðskiptagreina. Séráfangar í B.Sc.-námi í sjávarútvegsfræðum eru m.a. sjávarlíffræði, fiskifræði og matvælafræði fiska, stofnstærðarfræði, fiskeldi, vinnslutækni, og skipa- og veiðitækni. Námið veitir þverfaglegan grunn sem nýtist vel til stjórnanarstarfa í sjávarútvegi og til frekara náms. Mikil áhersla er lögð á nána samvinnu við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg. B.Sc.-nám á fiskeldissviði er hliðstætt náminu á sjávarútvegssviði, með séráfanga m.a. fiskeldi, eldistækni, fisksjúkdóma, fiskalífedlisfræði, fóður- og hráefnisfræði og matvælafræði fiska. Markmið námsins er að veita nemendum góðan þekkingargrunn til að starfa í fiskeldi að námi loknu, ásamt því að veita breiðan grunn til frekara náms.

Umhverfis- og orkuþraut

Í umhverfisfræðináminu er lögð áhersla á vistfræði, efnafræði, og vatnafræðilega þætti, áhrif mengunar á umhverfi, auðlindanýtingu og auðlindaeyldarstjórnun, og síðan umhverfismat og umhverfisskipulag. Leitast er við að nemendur þekki til helstu ferla í náttúrunni þannig að þeir geti metið aðstæður í náttúrunni og áhrif þjóðfélagsins á umhverfi sitt. Nám á orkusviði er enn ekki hafið en stefnt er að því að innrita fyrstu nemendur haustið 2005. Megináherslur á orkusviði verða á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, þ.m.t. jarðvarma, vatnsafls, sólarorku, vindorku, sjávarfallaorku, lífmassa, o.fl., auk áherslu á efnarafala og þá sérstaklega á vetni sem orkubera. Lögð er áhersla á að nemendur þekki vel til tæknilegra þátta orkumála, orku-búskapar og nýrra nýtingarmöguleika hérlendis sem erlendis, sjálfbærrar orkuöflunar og fái innsýn í stjórnan orkumála og mörkun orkustefnu.

FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGAEILD



Við félagsvísinda- og lagadeild var 191 nemandi skráður til náms á haustmíssi 2004. Boðið var upp á þriggja ára BA-nám í félagsvísindum, lögfræði og nútímafræði. 124 stunduðu nám í félagsvísindum, 40 í lögfræði og 27 í nútímafræði. Kennnd voru námskeið á fyrsta og öðru ári í kennslugreinum deildarinnar en deildin hóf starfsemi sína haustið 2003. Námið er alþjóðatengt og kennt er í deildinni bæði á íslensku og á ensku. Kennarar við félagsvísinda- og lagadeild í fullu starfi voru 13 auk tveggja verkefnastjóra sem störfuðu við deildina og fjölmargra íslenskra og erlendra skipti- og gistikennara.

Kennarar félagsvísinda- og lagadeildar sinna rannsóknum á ýmsum sviðum hug- og félagsvísinda, þ.m.t. lögfræði. Eftirfarandi eru sýnishorn af þeirri rannsóknastarfsemi sem fór fram í deildinni 2004–2005. Tvö stór rannsóknaverkefni eru unnin undir stjórn og leiðsögn Þórodds Bjarnasonar prófessors. Annað þeirra er rannsókn á heilsu og lífskjörum skólanema. Það er samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar og Háskólans á Akureyri og er hluti af alþjóðlegri rannsókn á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Hitt er rannsókn á áfengisneyslu íslenskra unglinga og er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Ríkislögreglustjóra og Landsspítala, styrkt af RANNÍS. Elín Díanna Gunnarsdóttir lektor tekur þátt í rannsókninni Heilsutengdir hagir aldraðra í dreifbýli og þéttbýli sem styrkt er af Háskólanum á Akureyri, Háskólasjóði KEA og RANNÍS. Giorgio Baruchello lektor er þátttakandi í alfræðiverkefni á vegum UNESCO. Elizabeth Fern lektor og aðrir kennarar deildarinnar tóku þátt í Evrópuverkefninu PRAISE, þar sem unnið er að hönnun sérstaks gagnagrunns til notkunar í kennslu í félagsráðgjöf og við ráðgjafarþjónustu. Á vor-míssi 2004 lauk Rachael Johnstone lektor doktorsprófi í lögfræði frá Toronto háskóla í Kanada. Doktorsverkefni hennar heitir Human Rights Working for Women. Kamilla Jóhannsdóttir lektor lauk doktorsprófi sínu frá Carleton háskóla í Kanada. Doktorsverkefni hennar heitir Situation Awareness and Working Memory: An Integration of an Applied Concept with a Fundamental Cognitive Process. Kamilla birti einnig grein í Journal of Experimental Psychology, Applied.

Haustið 2004 veitti félagsvísinda- og lagadeild aðra heiðursdoktorsnafnbót í sögu Háskólans á Akureyri. Á deildarfundum í janúar 2004 var samþykkt að veita Shirin Ebadi, friðarverðlaunahafa Nóbels, heiðursdoktorsnafnbót og viðurkenna þannig með formlegum og táknrænum hætti starf hennar í þágu mannréttinda og réttinda kvenna. Sjá nánar bls. 7

Í félagsvísinda- og lagadeild er lögð sérstök áhersla á mannréttindamál, bæði í kennslu og rannsóknum og á árinu var sett á stofn Mannréttinda- og þróunarmálasetur við deildina. Markmið með stofnun setursins er að vera vettvangur mannréttinda- og þróunarmála sem tengjast sérstaklega námi og rannsóknum nemenda háskólans og rannsóknum kennara og fræðimanna hans.



FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGAEILD

Félagsvísindi

Nám í félagsvísindum er þriggja ára BA-nám og hefst á krefjandi eins árs grunnnámi þar sem kennsla snýst að mestu leyti um aðferðafræði, vinnubrögð og önnur undirstöðuatríði. Á öðru ári velja nemendur sína sérgrein en boðið er upp á sálfræði, fjölmiðlafræði og samfélags- og hagþróunarfræði.

Sálfræði er fjölbreytt fræðigrein sem leitar skilnings á uppruna, gangi og hagnýtu mikilvægi hegðunar manna og dýra. Námið veitir grunnþekkingu á sálfræðinni sem fræðigrein. Í því er sérstaklega lagður grunnur að almennri þekkingu á mismunandi sviðum sálfræðinnar og þá sérstaklega á þeim kenningum og rannsóknaraðferðum sem beitt er innan hennar. Í náminu fá nemendur tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið sálfræðinnar. Það gerir þeim kleift að afmarka sér áhugasvið sem þeir geta síðan lagt frekari áherslu á í framhaldsnámi.

Nám í fjölmiðlafræði til BA-prófs er nýjung hér á landi. Í þessu námi fá nemendur innsýn í heim fjölmiðla, kynnast starfsaðferðum þeirra, eiginleikum hvers miðils fyrir sig og ákveða þjálfun í að vinna efni fyrir fjölmiðla. Vandlega er farið í þjóðfélagslega stöðu fjölmiðla, ábyrgð þeirra og skyldur og þau álitamál sem fjölmiðlum tengjast. Nemendur eru þjálfðir í gagnrýni umfjöllun og skoðun á efnistöðum og nálgun fjölmiðla í gegnum rýni í raunveruleg dæmi. Námið er hugsað sem góður undirbúningur fyrir störf á sviði fjölmiðlunar og störf sem krefjast samskipta við fjölmiðla. Námið er jafnframt góður undirbúningur fyrir framhaldsnám eða sem almennur grunnur fyrir fjölbreytileg störf úti í samfélaginu.

Nám í samfélags- og hagþróunarfræði er nýjung hér á landi og er ætlað þeim sem hyggjast vinna við þróunarmál, hvort sem er erlendis eða á Íslandi. Um er að ræða fjölfaglegt félagsvísindanám þar sem nemendur fá innsýn í byggðarþróunar- og þróunarsamvinnustörf og tilheyrandi rannsóknir, stefnur og aðferðir. Miðað er við að nemendur kunni skil á einkennum ólíkra samfélaga og þeim úrlausnar- og álitafnum sem þau standa frammi fyrir. Vandlega er farið í aðferðir vettvangs-rannsókna, einkenni náttúrulegs og mannlegs umhverfis, stjórnun byggða- og þróunarmála og starfsemi þróunarstofnana og samtaka. Námið nýtist sem góður undirbúningur fyrir störf við stofnanir og samtök sem vinna við þróunarmál og þróunaraðstoð, bæði á Íslandi og á heimsvísu, enda er nemendum gefinn kostur á að vinna við slíkar stofnanir sem hluta af náminu. Námið er jafnframt góður undirbúningur fyrir framhaldsnám og sem almennur grunnur fyrir fjölbreytileg störf úti í samfélaginu.

Lögfræði

Nám í lögfræði til BA-prófs við Háskólann á Akureyri er um margt með öðru sniði en tíðkast hefur við íslenska háskóla fram til þessa. Um er að ræða fjölbreytt fræðilegt BA-nám þar sem lög og réttur eru skoðuð í sögulegu, félagslegu og heimspeki- legu samhengi. Námið nýtist vel sem fræðileg undirstaða fyrir þá sem hyggja á krefjandi nám til embættisprófs í lögfræði. Einnig er nám til BA-prófs í lögfræði sjálfstætt hug- og félagsvísindanám og hagnýtt sem slíkt fyrir þá sem hyggjast með einhverjum hætti tengja lögfræði við alþjóðastjórnarmál og skyldar greinar að prófi loknu. Námskeið eru kennd í þriggja vikna lotum en námsmat byggir á símati sem reynir á þátttöku nemenda.

Embættisnám í lögfræði er tveggja ára nám fyrir nemendur sem hafa lokið BA-prófi í lögfræði eða prófi sem deildin metur sambærilegt. Áætlað er að námið hefjist kennsluárið 2006–2007. Embættisnámið er hagnýtt og krefjandi nám í megin- greinum íslenskrar lögfræði á sviði opinbers réttar og einkamálaréttar.

Nútímafræði

Nútímafræði er fjölfagleg kennslugrein á sviði hugvísinda. Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám af þessu tagi. Í náminu er hugað að rötum nútímans og þeim umbyltingum sem honum hafa fylgt, auk þess sem rýnt er í sjálft nútímahugtakið. Fjallað er um nútímamann frá mörgum hlíðum, svo sem frá sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði, stjórnmalfræði, hagfræði, lýðfræði, félagsfræði og raunvísinda. Nemendur kynnast þannig ýmsum tegundum nálgunar og gefst kostur á að átta sig á samhengi strauma og stefna á ólíkum fræðasviðum. Í náminu er lögð áhersla á gagnrýna hugsun og vönduð, fræðileg vinnubrögð. BA-nám í nútímafræði er góður undirbúningur fyrir framhalds- nám í ýmsum greinum hugvísinda og félagsvísinda. Það ýtir undir viðsýni, skilning á eigin umhverfi, gagnrýna hugsun, sjálfstraust og getu til að takast á við flókin verkefni. Námið veitir þannig staðgöða almenna menntun sem er eftirsóknarverð í margvíslegum störfum og í lífinu sjálfu.



HEILBRIGÐISDEILD

Við heilbrigðisdeild voru alls 312 nemendur skráðir til náms á haustmisseri 2004. 164 nemendur stunduðu nám í hjúkrunarfræði, tveir í sérskípulögðu B.Sc.-námi fyrir hjúkrunarfræðinga, 58 í iðjuþjálfun, 45 í sérskípulögðu námi í iðjuþjálfun, 38 í framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum og fimm stunduðu nám til meistarágráðu í hjúkrunarfræði í samstarfi við the Royal College of Nursing Institute í Manchester. Vorið 2004 brautskráðust 57 kándídatar frá heilbrigðisdeild.

Það er markmið deildarinnar að hverjum árgangi í heimanámi í hjúkrunarfræði fylgi einn hópur fjarnema. Á árinu 2004 var miðað við að 10 nemendur að lágmarki hæfu námið. Haustið 2004 hóf hópur nemenda fjarnám á Ísafirði. Vorið 2004 voru brautskráðir 10 nemendur sem höfðu stundað fjarnám í Reykjanesbæ og 7 sem höfðu stundað námið á Austurlandi.

Menntunarstig kennara hækkar stöðugt og nú er svo komið að langflestir þeirra hafa að minnsta kosti meistaraþróf, og þeim kennurum sem hlotið hafa æðstu menntunargráðu á sínu sviði (doktorsþróf) fer fjölgandi. Nú er einnig svo komið að flestir kennaranna hafa hlotið hæfisdom til háskólakennslu. Fastráðnir kennarar í iðjuþjálfun eru enn sem komið er flestir búsettir sunnan heiða, en nú ber svo við að tók hafa verið á að ráða til stundakennslu iðjuþjálfna sem búsettir eru á Akureyri. Eru það að jafnaði fyrri nemendur Háskólans á Akureyri.

Meistaránám í heilbrigðisvísindum hófst haustið 2003 og óx fiskur um hrygg á árinu 2004. Á vormisseri var kennt námskeið í megindlegri aðferðafræði og á haustmisseri námskeið um stöðu, stefnu og strauma í heilbrigðisþjónustu og í eigindlegri aðferðafræði. Undirbúin voru auk þess námskeið um öldrun og heilbrigði í íslensku samfélagi og krabbamein, alnæmi og líknandi meðferð, sem kennd verða á árinu 2005. Enn er verið að skipuleggja einstök námskeið og er mikil áhersla lögð á að fá til liðs við deildina færasta fólk á þeim sviðum sem námið tekur til. Námskeiðin virðast höfða til nemenda og námsleið sú sem heilbrigðisdeild býður upp á mun leiða til prófgráðunnar M.Sc. í heilbrigðisvísindum.

Ekki eru uppi áætlanir um nýjar námsleiðir til B.Sc.-prófs að sinni en deildin fylgist grannt með hræringum í háskólanámi í landinu og breytingum í þjóðfélaginu sem gætu gefið tilefni til þess að fjölga enn námsleiðum innan deildarinnar.

Í rannsóknum heilbrigðisdeilda eru atriði er varða heilsu, virkni og vellíðan einstaklinga og hópa höfð að leiðarljósi. Ýmsar rannsóknir eru stundaðar út frá þeim rannsóknáherslum. Má þar nefna rannsóknir er tengjast þátttöku og vellíðan fatlaðra í leik og starfi, lífsgæði aldraðra í dreifbýli og þéttbýli, rannsóknir tengdar ýmsum hliðum er varða meðferð á sykursýki, rannsóknir tengdar heilastarfi og fötlun, rannsóknir tengdar upplifun sjúkra af sjúkdómum og sjúkdómsmeðferð, rannsóknir tengdar úrvinnslu heilsufarsupplýsinga, rannsóknir um tengsl munnsjúkdóma við almenna sjúkdóma og líffræðilegar rannsóknir á vexti beinvefs.

Mörg rannsóknaverkefni eru í farvatninu í tengslum við meistaránámið. Rannsóknáherslur þeirra verkefna munu tengjast leiðarljósi meistaránámsins með heilsu, virkni og vellíðan í brennidepli. Margir kennaranna við deildina hafa formleg rannsóknasambönd við aðila innan annarra rannsóknastofnana, íslenskra og erlendra. Þeir eru ötulir við að kynna niðurstöður rannsókna sinna í ræðu og riti, héraendis og erlendis.



HEILBRIGÐISDEILD



Hjúkrunarfræðiþraut

Nám í hjúkrunarfræði tekur fjögur ár og lýkur með B.Sc.-gráðu. Námið er 120 einingar, u.þ.b. 30 einingar á ári, sem skiptist í haust- og vormisseri. Beita hefur þurft fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði undanfarin ár og miðast við 36 nemendur árlega. Ástæður fjöldatakmörkanna í B.Sc.-námi eru skortur á námsplássum til klíníks náms.

Iðjuþjálfunarþraut

Iðjuþjálfunarþrautin er eina námsþraut sinnar tegundar á Íslandi. Nám í iðjuþjálfun tekur 4 ár og lýkur með B.Sc.-gráðu. Námið er 120 einingar, u.þ.b. 30 einingar á ári, sem skiptist í haust- og vormisseri. Í iðjuþjálfun er unnt að taka við 18 nemendum árlega en ekki hefur þurft að grípa til fjöldatakamarkana þar upp á síðkastið.

Framhaldsnám

Meistaránám í heilbrigðisvísindum er 60 einingar og byggist á sex námskeiðum sem eru að jafnaði 5 einingar hvert, samtals 30 einingar og meistararitgerð sem er 30 einingar. Þrjú námskeið, alls 15 einingar, eru skyldunámskeið en hin þrjú eru valnámskeið. Mikill áhugi hefur verið á meistaránáminu og góður rómur gerður að þeim námskeiðum sem þegar hafa verið haldin.

Enn er í gangi samvinna við the Royal College of Nursing Institute í Manchester háskóla um meistaragráðunám í hjúkrunarfræði. Það nám er ekki lengur hluti af námsframboði deildarinnar fyrir nýja nemendur og nú hillir undir að síðustu nemendurnir þar ljúki meistaraprófi.

Samningur um framhaldsnám fyrir hjúkrunarfræðinga í ljósmóðurfræði milli Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri var endurnýjaður 2003 og árið 2004 stunduðu 3 hjúkrunarfræðingar það nám á Akureyri.



KENNADEILD

Við kennaradeild voru alls 556 nemendur skráðir til náms á haustmíssi 2004. Boðið var upp á nám á þremur brautum, grunnskólabraut, leikskólabraut, og framhaldsbraut. Á grunnskólabraut voru 211 nemendur, 208 á leikskólabraut, 137 á framhaldsbraut, þar af 71 í kennslufræðum til kennsluréttinda, 28 í diplómanámi og 38 í framhaldsnámi til meistaraþáttar. Vorið 2004 brautskráðust 129 kandiðatar frá kennaradeild.

Fastir kennarar við kennaradeild eru liðlega 20, um 50 stundakennarar og um 140 leik- og grunnskólakennarar víðs vegar um land sem tóku að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangs-námi og æfingakennslu.

Gróska er í rannsóknarstarfsemi og sinna kennarar rannsóknum á mörgum sviðum menntunarfræða, skólastarfs og menntastjórnunar, margir í samstarfi við innlenda og/eða erlenda aðila og nokkrir kennarar eru þátttakendur í fjölþjóðlegum menntanetum. Erlendir skiptikennarar sóttu deildina heim, nokkrir nemendur kennaradeildar voru skiptinemar við erlenda háskóla og erlendir skiptinemar stunduðu nám við kennaradeild.

Þriggja brauta skipulag deildarinnar sem tekið var upp árið 2001 hefur reynst vel. Brautir starfa undir stjórn brautarstjóra. Brautarfundir eru grunneiningar deildarinnar og bera ábyrgð á námi og skipulagi þess. Deildarráð, í umboði deildarfundar, hefur umsjón með rekstri deildarinnar og fjárhagsstöðu og fjallar um málefni nemenda sem því berast.

Skólaþróunarsvið

Við kennaradeild er starfrækt skólaþróunarsvið sem hefur eflst jafnt og þétt. Sviðið er farvegur þekkingar út í hið daglega skólastarf, en meginviðfangsefni þess lúta að ráðgjöf við kennara og skólastjóra í leik- og grunnskólum við hvers konar þróunar- og umbótastörf í skólum. Sviðið hefur forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skóla- og kennslumála, stendur fyrir rannsóknum á skólastarfi og annast fræðslu til starfandi kennara.

Skólaþróunarsvið hefur með höndum sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla á Akureyri og víðar á Norðurlandi. Auk þessa hefur á vegum skólaþróunarsviðs verið unnið að skólatengdum verkefnum víða um land, allt frá stuttum fræðslufundum til verkefna sem staðið hafa yfir heilt skólaár. Í aprílmánuði ár hvert stendur skólaþróunarsvið fyrir ráðstefnu um eitthvert tiltekið viðfangsefni og fær fyrirlesara víða að sem gert hafa sig gildandi á fræðasviðinu.


Starfsemi skólaþróunarsviðs hefur orðið æ mikilvægari þáttur í starfsemi kennaradeildarinnar. Innan sviðsins hefur orðið mikil uppbygging margvíslegrar þekkingar, t.d. um samskipti heimilis og skóla og lestur og lestrarkennslu. Meðal verkefna á árinu 2004 má nefna þróunarverkefni Samstarf heimilis og skóla, Læsi til framtíðar, Orðasafn heilans, Barnið í brennidepli og Námsmat í grunnskóla. Þá vann skólaþróunarsvið að gerð skólastefnu Akureyrarbæjar, mati á Stóru upplestrarkeppninni og lesskimunarprófinu Læsi auk annarra úttekta. Ennfremur stóð það fyrir ráðstefnunni Árangursrík samskipti.

Auk forstöðumanns eru fjórir fastir starfsmenn á skólaþróunarsviði en fjölmargir aðrir starfsmenn vinna við einstök verkefni á vegum þess og eru kennarar kennaradeildar meðal þeirra.

Trausti Þorsteinsson er forstöðumaður skólaþróunarsviðs.



KENNADEILD



Grunnskólabraut

Í námi á grunnskólabraut er fjallað um kennslugreinar grunnskólans og kennslufræði þeirra ásamt uppeldisgreinum sem kennurum eru nauðsynlegar. Sérstök rækt er lögð við verklega þjálfun kennaraefna með löngu samfelldu vettvangsnámi og eflingu gagnrýnnar hugsunar. Á fyrsta ári sækja allir nemendur sömu námskeið en eftir það eru í boði fjögur kjörsvið: yngri barna svið, hugvísinda- og tungumálasvið, raunvísindasvið og myndmenntasvið. Kennslu á myndmenntasviði sækja nemendur að mestu í viðkomandi sérskóla, Myndlistaskólann á Akureyri.

Kennsla á grunnskólabraut fer bæði fram í staðarnámi og fjarnámi. Námskeiðslýsingar eru þær sömu og fjöldi námseininga sá sami. Náms tíma í fjarnámi er deilt á fjögur ár í stað þriggja í reglubundnu staðarnámi. Í fjarnámi er aðeins ein námsleið, þ.e. ekki er val um kjörsvið.

Leikskólabraut

Á leikskólabraut eru kennd leikskólafræði, listir, uppeldisgreinar og umhverfis- og náttúrufræði. Áhersla er lögð á vettvangsþjálfun í leikskólum. Í náminu er lögð áhersla á starfshætti leikskólans og gildi leiks sem náms- og þroskaleiðar barna, umhverfi og náttúru og sömuleiðis er lögð rækt við listir og tengsl þeirra í milli og við aðra þætti í leikskólastarfi. Einnig er lögð áhersla á að nemandi geti séð tengsl á milli ólíkra þátta í leikskólastarfi og tengt þá fræðilegri þekkingu. Nokkur námskeið á fyrsta og öðru ári eru samkennd með grunnskólabraut.

Kennsla á leikskólabraut fer einnig fram í fjarnámi. Námskeiðslýsingar eru allar þær sömu og í reglubundnu námi og fjöldi námseininga sá sami. Náms tíma er deilt á fjögur ár í stað þriggja og hverju ári skipt niður á þrjú kennslumíssi í stað tveggja.

Framhaldsbraut

Á framhaldsbraut eru tvær námsleiðir.

Diplómu- og meistaranám hófst við kennaradeild haustið 2000. Námið er ætlað kennurum, þroskaþjálfum og öðrum sem vilja leggja stund á rannsóknir eða önnur störf sem krefjast framhaldsmenntunar og einnig þeim sem vilja auka þekkingu sína í núverandi starfi. Í boði eru þrjú sérsvið: rekstur skólafnana, sérkennslufræði og stjórnun, auk einstaklingssniðs náms. Unnt er að stunda 15 eininga nám, 30 eininga diplómunám, Dipl. Ed. og 60 eininga meistaranám, M. Ed. Leiðarstef námsins eru gagnrýnin hugsun og ígrundað starf.

Kennslufræði til kennsluréttinda

Nám í kennslufræði til kennsluréttinda er ætlað þeim sem lokið hafa háskólanámi, listnámi eða hafa meistaraþáttindi í iðngreinum, o.fl. Námið hófst haustið 1994 og er næstelsta námsleið innan kennaradeildar. Námið er ýmist 15 einingar sem teknar eru á einu skólaári eða 30 einingar sem dreifast á tvö ár. Inntaka nemenda og kröfur um einingafjölda til kennsluréttinda fara eftir lögum nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhalds-skólakennara og skólastjóra. Að námi loknu sækja nemendur um kennsluréttindi sín sem framhaldsskólakennarar og/eða grunnskólakennarar til menntamálaráðuneytis. Markmið námsins er að mennta þá sem lokið hafa námi í faggrein sinni í uppeldis- og kennslufræðum.



UPPLÝSINGATÆKNIDEILD

Við upplýsingatæknideild var 41 nemandi skráður til náms á haustmíssi 2004. Boðið var upp á þriggja ára 90 eininga B.Sc.-nám í tölvunarfræði. Vorið 2004 brautskráðust 17 kandiðatar frá upplýsingatæknideild en það var í fyrsta sinn sem brautskráð var frá deildinni.

Upplýsingatæknideild hóf starfsemi sína haustið 2001 í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu og í samvinnu við óformleg samtök tölvu- og upplýsingatæknifyrirtækja á Akureyri. Kennsla fer öll fram á ensku, en það gerir deildinni kleift að bjóða erlendum nemendum að nema við deildina og einnig eykur það hæfni íslenskra nemenda og undirbýr þá betur undir störf eða framhaldsnám erlendis. Samtals voru 13 erlendir nemendur við nám skólaárið 2004–2005.

Auk deildarforseta voru einn prófessor, einn dósent og fimm lektorar starfandi við deildina. Allir kennarar eru virkir í rannsóknum á sínum sérsviðum, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Mikill fjöldi birtinga í vísindaritum er til marks um rannsóknavirkni í deildinni.

Rannsóknaviðfangsefni deildarinnar eru meðal annars eftirfarandi: gagnagrunnar, samskipta-kerfi, mynstursauðkenning (pattern recognition), tölvugreind, gagnagrunnur á heilbrigðissviði, samskipti manns og tölvu, hugbúnaðarmiðlar og dreifð hlutbundin viðmót (software agents and distributed objects), vísindaleg tölvufræði og samhliða tölvunarvísindi (scientific computing and concurrent computational science). Rík áhersla hefur verið lögð á síðastnefnda sviðið og hefur dr. James Nystrom lektor, sem áður var við Texas A&M University, verið að byggja það upp við Háskólann á Akureyri í samvinnu við Háskólann í Amsterdam. Syed Murtaza lektor er skráður í doktorsnám við Háskólann í Amsterdam og mun starfa, undir leiðsögn dr. Nystrom, að gerð stórvirkra reiknilíkana (large scale computational modelling). Stór og hraðvirkur miðlari hefur verið keyptur til deildarinnar og mun hann þjóna mikilvægu hlutverki við þessar rannsóknir.

Upplýsingatæknideild stóð fyrir málstofuröð á árinu þar sem boðið var upp á fræðandi fyrirlestra sem höfðu til allra, hvort sem þeir höfðu sérfræðiþekkingu á umræðuefninu eða ekki. Málstofuröðin var styrkt af Iceland Express sem gerði deildinni kleift að fá fræðimenn á heimsmælikvarða til liðs við sig hverju sinni, en fræðimennirnir tengdu umfjöllunarefni sitt við nýlegar rannsóknir og þróun á sviði tölvunarfræða og upplýsingatækni.

Tölvunarfræði


Upplýsingatæknideild býður upp á þriggja ára háskólanám til 90 eininga B.Sc.-gráðu í tölvunarfræðum. Öll kennsla og námsmat, s.s. fyrirlestrar, æfingartímar, bækur, stöðefni, námsverkefni og próf, er á ensku. Lögð er áhersla á forritun, kerfishönnun, gagnagrunna, stýrikerfi og raunhæf verkefni. Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu og færni á eðli og notkun tölvunarfræða og einnig að veita þeim þekkingu og færni til að taka þátt í að móta þekkingarumhverfi framtíðarinnar.

Nemendur í upplýsingatæknideild hafa sérstakt tölvuver þar sem eru 24 vel búnar tölvur og sæti fyrir 30 nemendur. Stór hluti af kennslunni fer fram í tölvuverinu og einnig hafa nemendur aðgang að því til verkefnavinnu utan kennslustunda.

Mikil eftirspurn er eftir tölvunarfræðingum bæði innanlands sem utan. Möguleg framtíðarstörf eru t.a.m. stjórnunarstörf í upplýsingatæknifyrirtækjum, forritun, ráðgjöf og hönnun tölvukerfa. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir framhaldsnám, hvort sem er hérlendis eða erlendis.



VIÐSKIPTAÐEILD



Við viðskiptadeild voru alls 299 nemendur skráðir til náms á haustmíssi 2004. Boðið var upp á þriggja ára 90 eininga B.Sc.-nám í viðskiptafræði. Fjórar námsleiðir voru í boði, ferðabjónusta, fjármál, markaðsfræði og stjórnun. Vorið 2004 brautskráðust 48 kandiðatar frá viðskiptadeild.

Starfsemi deildarinnar byggir á þeirri forsendu að eiga frumkvæði í íslensku menntakerfi á sínum sérsviðum og bregðast við þörfum markaðarins á hverjum tíma. Slíkt er m.a. gert með virkum tengslum við fyrirtæki, með vinnslu verkefna og í tengslum við rannsóknastofnanir.

Nafni deildarinnar var breytt úr rekstrar- og viðskiptadeild í viðskiptadeild frá og með skólaárinu 2004–2005.

Fjarnám við deildina hefur vaxið hröðum skrefum og er nú svo komið að fjarnemar eru töluvert fleiri en staðarnemar. Skólaárið 2004–2005 voru fjarnemar 211 en staðarnemar 88.

Rannsóknavirkni kennara deildarinnar hefur aukist töluvert á liðnum misserum.

Á árinu hlaut deildin styrk að upphæð u.þ.b. 30,0 m.kr. frá Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins til að veita forystu tveggja ára samstarfsverkefni sex evrópskra háskóla og stofnana. Málstofur á vegum deildarinnar voru haldnar annan hvern föstudag.

Ferðabjónustubraut

Á ferðabjónustubraut eru námskeið um skipulag ferðamannaáætlana, áhrif ferðabjónustu á samfélagið og umhverfið, lög og reglur í ferðabjónustu og neytendahegðun í ferðabjónustu. Áhersla er á ferðabjónustu sem atvinnugrein og Ísland sem ferðamannaland í stórum heimi. Nemendur sem ljúka námi af ferðabjónustubraut eru menntaðir til að sinna stjórnunarstörfum innan ferðabjónustunnar.

Mjög góð samvinna er á milli ferðabjónustubrautar og Ferðamálaáætlunarséðs Íslands sem staðsett er við Háskólann á Akureyri. Ferðamálaáætlunarséð er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálu. Einnig er samstarf við Ferðamálaráð Íslands, Háskóla Íslands og Hólaskóla um kennslu og rannsóknir.

Ferðabjónustuvið leggur mikla áherslu á markaðsfræði, s.s. gerð markaðsáætlana, þjónustumarkaðsfræði og kynningarstarf.

Fjármálabraut

Á fjármálabraut er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Kennendur fjármálastjórnun, hagnýt stærðfræði, hagrannsóknir, þjóðhagfræði og verðbréfalögfræði.

Markaðsfræðibraut

Á markaðsbraut er farið yfir aðferðir til markaðsgreiningar, gerð markaðs- og kynningaráætlana og þjónustumarkaðsfræði. Að auki eru m.a. kennendur námskeið í vörubrúun, áætlanagerð, rekstrarhagfræði, rekstrarbókhalda og framleiðslu.

Nemendur sem ljúka námi af markaðsbraut hafa m.a. góða þekkingu til að stjórna stefnumótun og markaðsstarfi fyrirtækja, innanlands sem erlendis.

Stjórnunarbraut

Á stjórnunarbraut er lögð áhersla á að mennta fólk til að gegna almennum stjórnunarstöðum í millistórum og stórum fyrirtækjum. Fjallað er m.a. um skipulagsheildir, starfsmannstjórnun, gæðastjórnun og þekkingarstjórnun ásamt hefðbundnum grunngreinum rekstrarfræðinnar. Auk þess er kennendur fjármálastjórnun, áætlanagerð og rekstrarbókhalda.



UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið rak bókasafn og gagnasmiðju og annaðist útgáfumál háskólans fram til 1. ágúst 2004 en þá var samskiptamiðstöð komið á fót og gagnasmiðjan flutt þangað. Fast starfsfólk á upplýsingasviði var fram að því níu talsins í tæplega átta stöðugildum. Auk þess störfuðu nemendur bæði á bókasafni og gagnasmiðju yfir vetrartímann, samtals í einu stöðugildi.

Bókasafnið hefur boðið aðgang að vönduðu úrvali gagnasafna og stafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans og reynt hefur verið að byggja bóka- og tímaritakost safnsins upp jafnt og þétt svo að hann endurspegli fræðasvið háskólans. Mikil áhersla hefur verið lögð á kennslu og þjálfun nemenda í upplýsingalæsi en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum.

Á bókasafninu er lögð áhersla á þjónustu við fjarnema og lagt til grundvallar að þeir skuli njóta sömu þjónustu og nemendur í staðarnámi. Því hefur bókasafnið m.a. komið upp gagnasafninu Hlöðunni sem geymir skannað lesefni vegna valinna, fjarkenndra námskeiða við háskólann að því tilskildu að greitt hafi verið til höfunda fyrir birtinguna skv. samningi við Fjölís, hagsmunasamtök höfunda. Hlaðan geymir einnig próf sem tekin hafa verið við háskólann á undangengnum þremur árum. Hlaðan er fyrsta gagnasafn sinnar tegundar á landinu og hefur verið afar vel tekið meðal nemenda.

Unnið var að því að koma útgáfumálum háskólans í fastar skorður og í því skyni settur á stofn útgáfusjóður sem hefur það hlutverk að veita útgáfustyrki og útgáfulán að öllu leyti eða að hluta til vegna rita sem gefin eru út á vegum forlags háskólans. Sem fyrr hefur verið haft samstarf um útgáfumálin við Háskólaútgáfuna í Reykjavík og annast hún dreifingu á flestum ritum Háskólans á Akureyri.

Framan af árinu eða allt þar til gagnasmiðjan varð hluti hinnar nýju samskiptamiðstöðvar var starfsemi hennar með sambærilegum hætti og fyrri ár. Meginhlutverk hennar var að veita starfsfólki háskólans og nemendum aðgang að sérhæfðum tækjakosti, hugbúnaði og leiðsögn sem gerir þeim kleift að hagnýta upplýsingatækni við nám, kennslu og rannsóknir. Hún annaðist innkaup, vörslu og útlán á sérhæfðum hugbúnaði og tækjum í eigu háskólans auk þess sem starfsfólk hennar sá um kennslu og þjálfun í notkun þeirra. Starfsfólk gagnasmiðju annaðist einnig tæknimál vegna fjarkennslu og hafði tæknilega umsjón með vefjum háskólans.

Fastir starfsmenn upplýsingasviðs eru sex í 5,25 stöðugildum.



SAMSKIPTAMIÐSTÖÐ



Samskiptamiðstöð tók til starfa í ágúst eftir skipulagsbreytingar sem tengdust tölvu- og tæknimálum og notendajónustu vegna þeirra. Starfsmenn samskiptamiðstöðvar hafa umsjón með tölvukerfi háskólans, upplýsinga- og kennslukerfum, gagnagrunnum og tölvuverum, auk þess sem þeir veita notenda- og tækniþjónustu við fjarnám. Þeir bera einnig ábyrgð á þróun þessara viðfangsefna í samstarfi við deildir háskólans og aðra starfsmenn í stoðþjónustu.

Þjónustuborð samskiptamiðstöðvar er gagnasmiðja og er það fyrsti viðkomustaður þeirra sem þurfa á tæknilegri aðstoð að halda. Þar er einnig tölvuver sem búið er sérhæfðum tölvu-, tækja- og hugbúnaði og aðgengi að starfsmönnum sem veita leiðsögn svo nemendur og starfsmenn megi hagnýta upplýsingatækni við nám, kennslu og rannsóknir. Mögulegt er að fá tækjabúnað á borð við skjávarpa, fartölvur, sýningartjöld og upptökutæki að láni tímabundið og starfsmenn gagnasmiðju leiðbeina með notkun slíkra tækja. Tekið er við beiðnum frá tölvunotendum og þær ýmist leystar jafnóðum eða sendar áfram til annarra starfsmanna samskiptamiðstöðvar. Starfsmenn samskiptamiðstöðvar eru átta.

Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningarmál voru með hefðbundnu sniði og fóru að mestu fram á vormisseri. Heimsóttir voru flestir framhaldsskólar landsins og deildir háskólans kynntar þannig fyrir stúdentsefnum á hverjum stað. Haldnar voru sameiginlegar kynningar með öðrum háskólum landsins í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Til viðbótar voru birtar auglýsingar í dagblöðum og skólablöðum framhaldsskólanna, sendur var markpóstur til stúdentsefna og kynningarfulltrúi tók á móti fjölmörgum hópum fyrir hönd skólans.

Opið hús var haldið á Sólborg þar sem gestum gafst kostur á að kynna sér fjölbreytta og öfluga starfsemi háskólans. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra var sérstakur gestur Opins húss að þessu sinni. Kennsludeildir og ýmsar starfseiningar háskólans og samstarfsstofnanir hans kynntu viðfangsefni sín með margvíslegum hætti, m.a. var hægt að taka þátt í að setja saman tölvur, fylgjast með málþingi um hvalveiðar, skoða verknámsstofur heilbrigðisdeildar og leikskólabraut kennaradeildar bauð upp á vísindasmiðju fyrir börn. Þá voru haldnir fjölmargir fyrirlestrar á vegum deilda skólans.



KENNSLUSVIÐ

Kennslusvið er hluti af stoðþjónustu háskólans.

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu starfi háskólans ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu.

Fulltrúar á kennslusviði annast m.a. almenna afgreiðslu og upplýsingagjöf, símsvörun, útgáfu vottorða, innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans og prentun snjallkorta.

Kennslusvið annast jafnframt innritun nýnema og skráningu nemenda í og úr námskeiðum og prófum.

Deildarskrifstofur háskólans heyrir undir kennslusvið. Þeirra hlutverk er að annast skipulag á daglegu starfi í kennsludeildum háskólans í samstarfi við deildarforseta. Í þessu felst m.a. frágangur á nám- og kennsluskrá og kennsluskiptingu, stundaskrárgerð, skráning upplýsinga um námsframvindu nemenda og prentun prófskríteina.

Skipulag og umsjón prófahalds fer fram á kennslusviði undir stjórn prófstjóra. Prófstjóri gefur út próftöflur og hefur yfirumsjón með prófahaldi, einkunnaskilum og skráningu einkunna.

Á árinu 2004 fór fram endurskoðun á starfslýsingum starfsfólks sviðsins. Unnið var að skráningu verkferla fyrir öll meginverkefni kennslusviðs og jafnframt lögð drög að verkefnahandbók sviðsins. Á starfsdegi sviðsins gerði starfsfólk SVÓT greiningu á starfsemi og skilgreindi í kjölfarið markmið, megingildi og framtíðarsýn kennslusviðs.

Námsráðgjafi

Námsráðgjafi heyrir undir kennslusvið. Markmið starfsins er í meginráttum þrjúþætt:

- Að leiðbeina núverandi og væntanlegum nemendum háskólans um val á námi.
- Að veita einstaklingum og hópum leiðsögn á meðan á námi stendur, ekki síst um námstækni og bætt vinnubrögð í námi.
- Að veita nemendum persónulega ráðgjöf, m.a. varðandi námsframvindu og einkalíf.

Námsráðgjafi aðstoðar nemendur við úrlausn persónulegra mála sem upp geta komið á náms-tímanum. Um er að ræða mál sem ýmist hafa áhrif á námsframvindu og einkalíf nemenda eða réttinda- og hagsmunamál innan háskólans eða utan. Námsráðgjafi sinnir þörfum fatlaðra nemenda sérstaklega og býður upp á sérstaka þjónustu fyrir erlenda nemendur.

Á vegum námsráðgjafa voru haldin tvö námskeið á haustmisseri 2004. Annars vegar var um að ræða átta tíma námskeið um námstækni og vinnubrögð í námi sem 30 nemendur sátu. Kennari var Solveig Hrafnadóttir námsráðgjafi. Hins vegar var boðið upp á sex tíma námskeið um prófkviða en á það komu 13 nemendur. Kennari á prófkviðanámskeiðinu var Elín Díanna Gunnarsdóttir sálfræðingur og lektor við heilbrigðisdeild HA. Námskeiðahald þetta er liður í að auka þjónustu við nemendur HA og auka færni þeirra til náms.


Fastir starfsmenn kennslusviðs eru 12.



KENNSLUSVIÐ




Lögheimili nemenda á haustmisseri 2004



Nemendafjöldi eftir deildum

Deild	2000		2001		2002		2003		2004						
	Karlar	Konur	2000	Karlar	Konur	2001	Karlar	Konur	2002	Karlar	Konur	2003	Karlar	Konur	2004
Auðlindaedeild							35	31	66	59	33	92	63	54	117
Félagsvísinda- og lagadeild										51	60	111	76	115	191
Heilbrigðisdeild	8	207	215	7	209	216	6	210	216	5	319	324	4	308	312
Kennaradeild	31	227	258	43	286	329	63	382	445	54	434	488	76	480	556
Viðskiptadeild	84	85	169	141	175	316	135	159	294	141	221	362	109	190	299
Sjávarútvegsdeild	31	4	35	31	2	33	12	1	13	3	0	3	0	0	0
Upplýsingatæknideild				22	7	29	28	7	35	38	12	50	36	5	41
Samtals	154	523	677	244	679	923	279	790	1069	351	1079	1430	364	1152	1516

Nemendafjöldi eftir deildum





RANNSÓKNA- OG ALÞJÓÐASVIÐ

Hlutverk rannsóknna- og alþjóðasviðs er í meginatriðum þrjúþætt:

- Skapa umhverfi sem styður og hvetur starfsmenn til rannsókna. Í þessu felst umsýsla rannsókna og ráðgjöf varðandi styrkumsóknir og aðferðafræði.
- Að skapa umgjörð fyrir starfsfólk og nemendur háskólans til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi. Í þessu felast m.a. nemenda- og kennaraskipti.
- Að veita ráðgjöf varðandi ráðstefnuhald og hafa umsjón með ráðstefnuhaldi.

Ráðstefnur

Meðal helstu verkefna rannsóknna- og alþjóðasviðs í ráðstefnuskipulagningu var ráðstefnan „The Resilient North – Human Response to Global Change,” þing Northern Research Forum í Yellowknife, Kanada, 15.–18. september. Rannsóknna- og alþjóðasvið, í samvinnu við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, sér um skrifstofuhald fyrir Northern Research Forum. Auk þessa þings í Kanada, hélt NRF vinnusmiðju 1.–3. apríl í norður Svíþjóð um stjórnunarkerfi norðurslóða.

Erlendar heimsóknir

Nokkrar heimsóknir erlendra aðila voru fyrirferðarmiklar í starfsemi sviðsins. Helst ber þar að nefna komu sænsku konungshjónanna og krónprinsessunnar 9. september. Þorsteinn Gunnarsson rektor kynnti fyrir þeim fjölbreytta starfsemi háskólans, kennslu, rannsóknir og fjarnám. Þau voru viðstödd árlegan minningarfyrirlestur Vilhjálms Stefánssonar sem að þessu sinni var tvískiptur. Í fyrri hlutanum fjallaði utanríkisráðherra Svía, frú Laila Freivalds, um „Swedish Arctic Policy” og í síðari hlutanum flutti Sverker Sörlin erindið „The Human Arctic: Vilhjálmur Stefánsson, Ahlmann, and the Quest for an Arctic within History.” Prófessor Ahlman var þekktur sænskur landfræðingur og jöklafræðingur sem m.a. stundaði rannsóknir á Vatnajökli með Jóni Eyþórssyni og Sigurði Þórarinssyni.

Rektor háskólans í Guelph, dr. Alastair Summerlee, heimsótti háskólann í apríl og rektor háskólans í Oulu, dr. Lauri Laiunen, kom hingað í ágúst.

Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Hólaskóli - háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hafa átt náið samstarf við háskólann í Guelph um árabíl og formlegur samningur um rannsóknasamstarf, stúdenta- og starfsmannaskipti var fyrst undirritaður 1995. Samstarfið nær til fjölmargra fræðasviða skólanna, mörg rannsóknaverkefni hafa verið unnin og á undanförunum 9 árum hafa hátt í 200 manns frá báðum löndum nýtt sér möguleika þess með einum eða öðrum hætti. Samstarfið er nú að aukast enn frekar, m.a. með þróun sameiginlegra námsleiða fyrir nemendur samstarfsskólanna, bæði í grunn- og framhaldsnámi í formi námsdvala sem og í fjarnámi. Kanada og Ísland eiga það sameiginlegt að vera strjálbýl lönd þar sem mikilvægt er að tryggja greiðan aðgang allra landsmanna að háskólanámi.

Dr. Lajunen hélt framsöguerindi um hlutverk háskóla í uppbyggingu og rekstri vísindagarða á málþingi um vísindagarða sem haldið var af Háskólanum á Akureyri, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og Skrifstofu atvinnulífsins á Norðurlandi.



RANNSÓKNA- OG ALÞJÓÐASVIÐ

Bologna ferlið

Háskólinn á Akureyri hefur unnið markvisst að því að uppfylla skilyrði sem sett eru fram í Bologna áætluninni. Bologna ferlið hefur það að markmiði að Evrópa verði hágæða háskólasamfélag þar sem landamæri standa ekki í vegi fyrir hreyfanleika nemenda og kennara eða að verða samevrópskt menntunarsvæði. Tíu höfuðmarkmið hafa verið sett fram í Bologna yfirlýsingunni og á fundum sem haldnir voru í Prag og Berlín. Þessum markmiðum er áætlað að ná fyrir árið 2010.

Til að uppfylla markmið Bologna yfirlýsingarinnar hefur Háskólinn á Akureyri gert skráningarkerfi sitt þannig úr garði að hægt verði að gefa út viðauka við prófskírteini (Diploma Supplement), tekið upp sk. European Credit Transfer System (ECTS) sem er samevrópskt einingakerfi og hvatt markvisst til nemenda- og kennaraskipta. Háskólinn hefur með ýmsum hætti lagað sig að þörfum skiptinema frá Evrópu, t.a.m. með auknu framboði námskeiða sem kennd eru á ensku auk þess sem komið hefur verið á fót sérskipulögðum námskeiðum í íslensku, menningu, sögu og samfélagi, og íslenskri jarðfræði og náttúru. Með þessum aðgerðum og ýmsum öðrum úrbótum lagar Háskólinn á Akureyri sig að evrópska háskólasvæðinu (EEA) og auðveldar nemendum sínum að fá nám sitt metið á milli háskóla í Evrópu og tryggir aðgang námsmanna og fræðimanna að evrópskum háskólum.

Socrates

Háskólinn á Akureyri hefur notið góðs af þeim fjölmörgu áætlunum sem stjórnvöld hafa gerst aðilar að. Fyrst og fremst ber að nefna Socrates menntaáætlun Evrópusambandsins. Þar hefur Erasmus áætlunin verið mikilvæg fyrir nemenda- og kennaraskipti við stofnunina. Jafnframt tók háskólinn á árinu 2004 við stóru verkefni á sviði hugfræði í samvinnu við franska, þýska, spænska og hollenska háskóla. Framhaldsumsókn liggur nú fyrir hjá Socrates, Leonardo & Youth Technical Assistance Office.

Nordplus

Nordplus heldur áfram að vera afar mikilvæg áætlun fyrir Háskólann á Akureyri. Háskólinn er aðili að fjölda fagneta og er jafnframt meðlimur í stóru þverfaglegu skiptineti er kallast Nordlys. Nordlys er háskólanum mikilvægt þar sem það hentar stofnun á stærð við HA einkar vel.

Leonardo da Vinci

A árinu 2004 hlaut verkefni á vegum Háskólans á Akureyri rúmlega 30 milljón króna styrk úr Leonardo da Vinci áætlun Evrópusambandsins. Verkefnið er til margra ára og nær til fjölda þátttökulanda. Nánar um verkefnið á bls. 39.

Rannsóknabætur norðursins

Í lok síðustu aldar hóf Háskólinn á Akureyri markvisst að leita eftir tengslum við háskóla sem staðsettir eru á norðlægum svæðum og eru að fást við svipuð vandamál og við er að etja hér á landi. Háskólinn á það sammerkt með mörgum af þessum skólum að vilja nota niðurstöður rannsókna og tækninýjunga til að auka lífsgæði almennings. Með þetta að markmiði átti Háskólinn þátt í að stofna Rannsóknabætur norðursins (Northern Research Forum). Markmið með Rannsóknabætur norðursins er að skapa umræður og auka samráð milli vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Umræður á Rannsóknabætur norðursins fjalla um mikilsverð málafni, viðfangsefni og tækifæri sem snúa að íbúum norðurslóða, bæði með tilliti til félags- og umhverfisbreytinga og hnattvæðingar efnahagslífsins.

Þátttakendur í Rannsóknabætur norðursins eru vísindamenn, háskólakennarar og nemendur, stjórnálmamenn, stjórnendur fyrirtækja, fulltrúar frumbyggja, embættismenn, sveitarstjórnarmenn og þeir sem stjórna auðlindum eða nýta þær.

Ungt fólk og fólk sem býr yfir nýjum rannsóknnaaðferðum og hefur sýnt útsjónarsemi við úrlausn á vandamálum er einkum hvatt til að sækja rannsóknabætur. Forsvarsmenn Rannsóknabætur norðursins vilja að tekið sé heildstætt á málafnum norðursins og að byggt verði á reynslu þess fólks sem býr á norðlægum slóðum.

Umræður innan Rannsóknþings norðursins hafa þegar haft áhrif á starfsemi Norðurskautsráðsins og einstakar ríkisstjórnir sem eiga aðild að ráðinu. Meiri áhersla er lögð á velferð íbúa á norðurlöndum en áður, t.d. innan Norðurlandaráðs, Evrópusambandsins, ríkisstjórnar Kanada og fylkisstjórnarinnar í Alaska og einstakra héraðsstjórna á norðursvæðinu. Auk framlaga frá íslenskum stjórnvöldum hefur verið aflað styrkja til Rannsóknþings norðursins frá Carnegie Corporation og Ford Foundation í New York og ýmsum sjóðum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Háskóli norðurlönda

Að Háskóla norðurlönda standa u.þ.b. 70 háskóla- og rannsóknastofnanir ásamt samtökum frumbyggja í 11 löndum, fyrst og fremst þeim átta sem aðild eiga að Norðurskautsráðinu. Innan Háskóla norðurlönda hefur Háskólinn á Akureyri í samstarfi við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar byggt upp hér á landi nýja fræðigrein, norðurlöndafræði, sem nú er kennd við félagsvísinda- og lagadeild HA. Nám og kennsla í norðurlöndafræðum (BCS) tekur mið af aðstæðum jafnarbyggða norðursins með samþættingu hefðbundins náms og fjarnáms. Á kennsluárinu 2004–2005 var nemendum HA boðið upp á Inngang að Norðurlöndafræði og kjarnanámsskeiði Þjóðir og menning á Norðurlöndum. Gert er ráð fyrir að boðið verði upp á fleiri kjarnanámsskeið norðurlöndafræða á næstu misserum – flest innan félagsvísinda- og lagadeilda en einnig með þátttöku auðlindadeilda þar sem um ræðir þau kjarnanámsskeið sem tilheyra náttúruvísindum.

Innan Háskóla norðurlönda er einnig starfrækt nemendaskiptaáætlunin N2N sem hefur skilað góðum árangri. Með tilkomu þessara stúdentaskipta er nemendum gefinn kostur á að dvelja í eitt eða tvö misseri við erlendan háskóla og nema kjarnanámsskeið í norðurlöndafræðum. Eitt af mikilvægustu gildum Háskóla norðurlönda felst í því að ungu fólk verður boðið upp á að nema við erlendan háskóla um einhvern tíma. Framlag íslenskra stjórnvalda til N2N hefur verið 9 m.kr. á þremur árum og lýkur því tímabili 2005. Á þessum tíma hefur nokkrum rússneskum nemendum frá Jakúttu verið boðið til námsdvalar við upplýsingatæknideild HA, jafnframt hafa íslenskir nemendur sótt nám í Rússlandi og Alaska á vegum N2N.

Nemendaskipti


Nemendaskipti skipa ríkan sess í starfi rannsóknna- og alþjóðasviðs. Margir nemendur háskólans sóttu nám í erlendum samstarfsháskólum á árinu og fjölmargir erlendir nemendur komu hingað til námsdvalar. Auk nemenda heimsóttu fjölmargir gistikennarar háskólann með góðum árangri. Háskólar á Norðurlöndum voru sem endranær vinsælastir meðal nemenda Háskólans á Akureyri. Alls voru 19 erlendir nemar á vegum rannsóknna- og alþjóðasviðs við Háskólann á Akureyri árið 2004. Þeir skiptust þannig eftir þjóðernum: sjö frá Svíþjóð, fjórir frá Finnlandi, þrjú frá Danmörku, tveir frá Rússlandi, einn frá Kanada, einn frá Lettlandi og einn frá Litháen. Alls fóru 16 nemar út sem skiptinemar á vegum rannsóknna- og alþjóðasviðs árið 2004. Þeir fóru til eftirtalinna landa: fimm til Danmerkur, þrjú til Noregs, þrjú til Austurríkis, einn til Bandaríkjanna, einn til Finnlands, einn til Kanada, einn til Mexíkó og einn til Svíþjóðar.

Rannsóknir


Í lok árs 2003 fjallaði háskólaráð um skýrslu og tillögur nefndar um aðgerðaáætlun um eflingu rannsókna í Háskólanum á Akureyri. Afgreiðsla háskólaráðs var viðamikil og náði yfir fjölmarga þætti rannsóknastarfsemi háskólans. Þessar aðgerðir voru í samræmi við hlutverk skólans

Í rannsóknum og hafa fallið vel að breyttu umhverfi vísinda og rannsókna þar sem þær miðast einna helst við að styrkja Háskólann á Akureyri sem sjálfstæðan rannsóknaháskóla. Helstu markmiðum aðgerðaáætlunarinnar hefur þegar verið náð og hefur háskólinn verið að eflast sem rannsóknaháskóli á síðustu árum. Vöxtur er í rannsóknavirkni kennara á milli ára eins og sjá má á meðfylgjandi töflum. Rannsóknamatkerfi (stigamat) hefur verið starfrækt í núverandi mynd frá 15. maí 2001 og eru kerfinu gerð skil í stofnanasamningi Háskólans á Akureyri og Félags háskólakennara á Akureyri. Grein 3.5 í samningnum gerir ráð fyrir að matsreglurnar skuli aðlagðar að úrskurði kjaranefndar prófessora eins og hann er á hverjum tíma. Matskerfið gerir ráð fyrir að m.a. eftirfarandi verði metið: vísindalegar útgáfur, tilvitnanir, listsköpun og hönnun, þátttaka og virkni í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi og fleira. Rannsóknamatkerfið hefur reynst vel og hefur það gefið ágæta mynd af stöðu rannsókna við Háskólann á Akureyri og hefur jafnframt gert það mögulegt að taka saman Ritaskrá sem hefur verið gefin út frá árinu 2002.

Rannsóknastig 1999-2004.



Meðalrannsóknastig 1999-2004



Á árinu fengu eftirtaldir hæfisdóma:

- Syed Murtaza**, lektor við upplýsingatæknideild, **Póroddur Bjarnason**, prófessor við félagsvísinda- og lagadeild
- Elizabeth Fern**, lektor við félagsvísinda- og lagadeild, **Hermundur Sigmundsson**, prófessor við félagsvísinda- og lagadeild
- Páll Björnsson**, lektor við félagsvísinda- og lagadeild, **Einar Hreinsson**, lektor við auðlindadeild
- Markus Meckl**, gistilektor við félagsvísinda- og lagadeild, **Tero Mustonen**, gistilektor við félagsvísinda- og lagadeild
- Tangming Yuan**, lektor við upplýsingatæknideild, **James F. Nystrom**, lektor við upplýsingatæknideild
- Tony Y. T. Chan**, lektor við upplýsingatæknideild, **Kamilla Rún Jóhannsdóttir**, gistilektor við félagsvísinda- og lagadeild
- Oddur Þ. Vilhelmsson**, lektor við auðlindadeild, **Rachael Lorna Johnstone**, lektor við félagsvísinda- og lagadeild
- Margrét Heinreksdóttir**, lektor við félagsvísinda- og lagadeild, **Pétur Dam Leifsson**, lektor við félagsvísinda- og lagadeild
- Alexander K. Smáráson**, dósent við heilbrigðisvísindastofnun HA, **Þorvaldur Ingvarsson**, prófessor við heilbrigðisvísindastofnun HA
- Birgir Guðmundsson**, lektor við félagsvísinda- og lagadeild, **Nicola Jayne Whitehead**, lektor við upplýsingatæknideild
- Jón Haukur Ingimundarson**, gistidósent við félagsvísinda- og lagadeild, **Rúnar Sigþórsson**, dósent við kennaradeild
- Hafðís Björg Hjálmarsson**, lektor við viðskiptadeild

Nýtt rannsóknna- og nýsköpunarhús við Háskólann á Akureyri var tekið í notkun í október. Með byggingu hússins, sem er í heild 5500m², hefur tekið að byggja upp við háskólann fyrsta flokks aðstöðu fyrir kennslu og rannsóknir í raunvísindum með hagnýtingarmöguleika fyrir hin ýmsu svið þjóðlífsins og jafnframt miðstöð rannsókna- og þróunarstarfs á Norðurlandi sem mun laða til sín frekari rannsóknatengda starfsemi. Svo dæmi sé tekið af því kennslu- og rannsóknarými sem háskólinn hefur til umráða má nefna örveru- og líftæknistofu, efnafræði- og raunvísindastofu, matvælarannsóknastofu, umhverfis- og jarðvísindastofu, umhverfisefnafræðistofu, eðlisfræðistofu og tölvunarfræðistofu. Um er að ræða afar fullkomnar kennslu- og rannsóknastofur en aðstaðan þar skapar grundvöll að vísindastarfsemi sem styrkir háskólann sem stofnun, aðrar stofnanir í rannsóknahúsinu og atvinnulíf og þjóðlíf um land allt. Starfsmenn á rannsóknna- og alþjóðasviði eru tveir.

FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

FSHA, félag stúdenta við Háskólann á Akureyri, var stofnað árið 1987. Allir nemendur við háskólann verða sjálfkrafa félagar við greiðslu innritunargjalda. Deildarfélög starfa í hverri deild skólans, og skipta FSHA og deildarfélögin með sér verkum við hagsmunagæslu og auðgun félagslífs í skólanum. Hvert deildarfélag hefur einn fulltrúa í stjórn FSHA en auk þeirra situr formaður sem kjörinn er á aðalfundi.

Í byrjun annars starfsárs félagsvísinda- og lagadeildar stofnuðu nemendur með sér félag og hlaut það nafnið Kumpáni á stofnfundi. Á fyrsta starfsári deildarinnar voru nemendur í Magister, nemendafélagi kennaradeildar.

FSHA vann ötullega að hagsmunamálum nemenda. Félagið mótmælti hækkun á innritunargjöldum við ríkisháskóla, sat mánaðarlega fundi með yfirstjórn háskólans þar sem unnið var að bættum aðbúnaði og gæðum skólastarfsins alls, veitti nokkrum lagabreytingartillögum umsögn sína og svo má áfram telja. FSHA sér um að skipa fulltrúa í ýmsar nefndir og ráð á vegum háskólans og hefur þar með tækifæri til að láta rödd nemenda heyrast. Félagið gekk til liðs við nýstofnað Landssamband íslenskra æskulýðssamtaka. Samþykkt var á aðalfundi í lok starfsárs að sækja um eins árs reynsluáðild að Bandalagi íslenskra námsmanna, BÍSN.

Félagslíf nemenda var með hefðbundnum hætti. Enn stækkar skólinn og þar með fjöldi þeirra sem áhuga hafa á að taka þátt í félagslífi hans. Fastir liðir eins og árshátíð, sprellmót og tónleikar ýmiss konar voru á dagskrá, auk ýmissa nýrra, s.s. skautadags fjölskyldunnar, sveitaballs og fleira í þeim dúr.

Stjórn FSHA starfsárið 2004–2005:

Gylfi Ólafsson formaður, Magister
Hrafnhildur Gunnarsdóttir varaformaður, Eir
María Ósk Ólafsdóttir ritari, Magister
Linda Lea Bogadóttir gjaldkeri, Reka
Elísabet Ingunn Einarsdóttir, Kumpána
Helgi Hrafn Halldórsson, Data
Hildur Vésteinsdóttir, Stafnbúa

Formenn deildarféлага voru sem hér segir:

Data, félag nemenda við upplýsingatæknideild: Vignir Barði Einarsson
Eir, félag nemenda við heilbrigðisdeild: Kristín Þorberg
Kumpáni, félag nemenda við félagsvísinda- og lagadeild: Guðmundur Gunnarsson
Magister, félag nemenda við kennaradeild: Sigrún Lára Sverrisdóttir
Reki, félag nemenda við viðskiptadeild: Hildur Þóra Magnúsdóttir
Stafnbúi, félag nemenda við auðlindadeild: Hildur Vésteinsdóttir

Frekari upplýsingar um störf félagsins má finna á heimasíðu félagsins, www.fsha.is, og í ársskýrslu starfsársins sem þar er að finna.



NEMENDASAMFÉLAGIÐ

Valdís Brá Þorsteinsdóttir og Harpa Ýr Erlendsdóttir, nemendur á fjórða ári í iðjuþjálfun, hlutu styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að vinna að verkefni sem ætlað var að meta gæði þjónustu við geðsjúka. Verkefnið bar yfirskriftina „Notandi spyr notanda“ og lauk því formlega með blaðamannafundi 15. október. Skýrslan var síðan kynnt með fyrirlestri miðvikudaginn 3. nóvember í Háskólanum á Akureyri og afhent bókasafni og rektor HA. Verkefnið hlaut styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna auk mótframlags frá heilbrigðisráðuneytinu. Verkefnið er forkönnun þar sem stuðst var við aðferðir eigindlegra rannsóknaráðferða til að fá fram viðhorf og reynslu notenda á geðheilbrigðisþjónustuna. Verkefnið var unnið í samstarfi við starfshópinn Hugarafn en í því eru einstaklingar með geðsjúkdóma, í bata.



Þorsteinn Gunnarsson rektor, Astrid Magnúsdóttir háskólabókavörður, Harpa Ýr Erlendsdóttir og Valdís Brá Þorsteinsdóttir.

Nemendur í fjölmiðlafræði í félagsvísinda- og lagadeild settu af stað fréttavef, www.landpostur.is, sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra opnaði formlega þann 14. febrúar. Þar er að finna ýmsar fréttir og pistla sem nemendur skrifa og er þá fjallað um málefni norðan heiða sem og annars staðar af landinu. Auk þess voru nemendur með vikulegan þátt á sjónvarpsstöðinni Aksjón. Í október gerði deildin samning við Ásprent Stíl um samstarf sem felst í því að nemendur í fjölmiðlafræði taka þátt í skrifum fyrir tímaritið Við undir handleiðslu kennara og í samráði við ritstjóra.

Kennsla nýnema hefst með dagskrá sem nefnd er Velgengnisvika en það er sérstök kynningarvika sem hefur það að markmiði að undirbúa nýnema fyrir nám og starf í háskóla. Þar er tölvuumhverfi og stoðþjónusta háskólans kynnt jafnframt því sem nemendur nota tímamót til að vinna saman og kynnast starfsfólki og eldri nemendum. Bodið er upp á hnitmiðuð og hagnýt undirbúningsnámskeið auk hópeflis og ætlast er til að allir nýnemar nýti sér þessa þjónustu. Með þessu móti er reynt að gera nýnemum aðlögun að háskólanámi auðveldari og leggja grunn að enn betri námsárangri.

Eldri nemar taka ávallt virkan þátt í skipulagi þessarar viku og skipuleggja kvölddagskrár, bíóferðir og grillveisur svo eitthvað sé nefnt. Auk þess stendur hvert deildarfélag fyrir dagskrá fyrir nemendur sinnar deildar eitt kvöldið í vikunni. Lokapunktur vikunnar er síðan dagskrá að Hömrum með þrautabraut og grillveislu.

Forystumenn stúdenta við HA afhentu Steingrími Sigurgeirssyni, aðstoðarmanni menntamálaráðherra, undirskriftalista þar sem skólagjöldum var hafnað sem tekjuöflunarleið. Um 350 stúdentar skrifuðu undir yfirlýsinguna sem bar yfirskriftina „Skólagjöld eru ekki möguleiki.“ Í yfirlýsingunni segir að skólagjöld séu óvægjin leið til tekjuöflunar í ríki sem skilgreini sig sem velferðarþjóðfélag. Þar segir einnig: „Jafn réttur allra til menntunar er grundvallaratriði og í menntun liggur framtíð landsins í harðnandi samkeppni nútímasamfélagsins.“

Fjarkennsla við Háskólann á Akureyri hófst haustið 1998 þegar boðið var upp á fjarnám við heilbrigðisdeild. Um var að ræða nám í dagskóla á hjúkrunarfræðibraut, þar sem kennt var samtímis á Akureyri og Ísafirði. Ári síðar bættust svo nemendur á Egilsstöðum í þennan hóp.

Þegar fjarkennslan hófst var námið nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Enn í dag er myndfundabúnaður notaður í miklum mæli við háskólann en þróunin hefur orðið sú, að fjarnám við háskólann byggir núorðið á notkun veflestra þeirra fjarkennslumiðla sem tæknin býður upp á í dag. Má þar nefna almennan tölvupóst, vefsíður kennara og vefnámsumhverfið WebCT sem m.a. hefur að geyma innbyggt pósthótt, vefumræður og spjallrásir sem og möguleika til framsetningar námsefnis á margvíslegu formi. Haustið 2003 var tekið í notkun vefkennslukerfið WebDemo sem býður upp á möguleika til kennslu í rauntíma gegnum nettengda tölvu. Haustið 2004 var síðan farið að taka upp kennslustundir í dagskóla til dreifingar í fjarnámi. Upplýsingakerfið Stefania sem þróað hefur verið í Háskólanum á Akureyri veitir aðgang að öllum helstu upplýsingum sem tengjast daglegu lífi í skólanum, s.s. stundaskrá, próftöflum, námsframvindu, námskeiðslýsingum og svo mætti lengi telja.

Háskólinn á Akureyri kappkostar að bjóða öllum nemendum upp á öfluga stoðþjónustu á sviði tölvu- og upplýsingatækni hvort sem þeir stunda nám á háskólasvæðinu eða í heimabyggð.

Háskólinn á Akureyri hefur átt öflugt samstarf um fjarkennslu við bæjarfélög og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið enda er það talin forsenda fjarnámsins að nemendum sé sköpuð góð aðstaða til móttöku kennslu gegnum myndfundabúnað, tölvur og net. Einnig hefur það sýnt sig að myndun námsþópa á fjarkennslustöðum hefur reynst góð leið til að efla hópkennd og stuðning nemenda í milli. Á öllum fjarkennslustöðum hafa nemendur aðgang að myndfundabúnaði og tölvuveri ásamt ljósritunar- og vinnuádstöðu. Helstu samstarfsaðilar háskólans eru:

Farskóli Norðurlands vestra · Fræðslumiðstöð Vestfjarða · Fræðslunet Austurlands · Fræðslunet Suðurlands · Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Fræþing · Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum · Námsflokkar Hafnarfjarðar · Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi · Víska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Frá upphafi hefur háskólinn lagt áherslu á að mynda hópa þar sem boðið er upp á fjarnám. Þannig fá nemendur stuðning og hvatningu hver frá öðrum. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar bjóða nemendum á hverjum stað upp á námsver með vinnuádstöðu, aðgengi að myndfundabúnaði og aðstöðu til próftöku.

Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhliða starfi, m.a. á þann hátt að nemendur geta dreift náminu á lengri tíma en gert er ráð fyrir í fullu námi. Fjarnemar greiða sömu innritunargjöld og aðrir nemendur við háskólann en þurfa jafnan að greiða hófleg aðstöðugjöld til sinnar fræðslu- eða símenntunarstöðvar.

Frá árinu 1998 hefur fjarnám verið vaxandi þáttur í námsframboði Háskólans á Akureyri og veturinn 2004 – 2005 bjóða fjórar deildir af sex upp á fjarnám. Þetta eru auðlindadeild, heilbrigðisdeild, kennaradeild og viðskiptadeild.

Auðlindadeild

Í auðlindadeild er miðað við að fólk geti stundað vinnu meðfram náminu og dreifist það því á lengri tíma. Námið fer fram að mestu leyti á netinu gegnum vefnámsumhverfið WebCT en til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði fyrst um sinn. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið. Í auðlindadeild eru nemendur í fjarnámi á Blönduósi, Djúpvaggi, Höfn, Hólum, Ísafirði, Patreksfirði og Selfossi og í Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjanesbæ og Reykjavík.

Heilbrigðisdeild – Hjúkrunarfræðibraut

Á hjúkrunarfræðibraut fer fram fullt nám í dagskóla þar sem fjarnemendur stunda nám samhliða nemendum í staðbundnu námi. Hvert ár er aðeins í boði á einum stað í einu. Námið byggir að mestu á gagnvirkum myndfundabúnaði, en kennarar nýta einnig vefnámsumhverfið WebCT og tölvusamskipti í síauknum mæli.

Haustið 2004 voru nemendur við heilbrigðisdeild í fjarnámi á Akranesi, Ísafirði og Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Kennaradeild – Leikskólabraut / Grunnskólabraut

Fjarnámið er að hluta til miðað við fólk sem er starfandi í skólum (þó vissulega sé það opið öðrum sem uppfylla inntökuskilyrði) og stundar því ekki fullt nám, heldur tekur námið á lengri tíma. Á leikskólabraut hófst fjarnám árið 1999. Fjarnám hófst á grunnskólabraut árið 2003. Þau námskeið sem kennd eru í fjarnámi eru þau sömu og í staðbundna náminu. Náminu lýkur með B.Ed.-gráðu. Námið byggir á gagnvirkum myndfundabúnaði en kennarar nýta einnig vefnámsumhverfið WebCT.


Haustið 2004 voru nemendur við kennaradeild í fjarnámi á Akranesi, Blönduósi, Hvolsvelli, Ísafirði, Neskaupstað, Selfossi, Vík og Vopnafirði og í Borgarnesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og Vestmannaeyjum.

Viðskiptadeild

Í viðskiptadeild er miðað við að fólk geti stundað vinnu meðfram náminu og dreifist það því á lengri tíma. Námið fer fram að mestu leyti á netinu gegnum vefnámsumhverfið WebCT en til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði í öllum námskeiðum. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið.

Haustið 2004 voru nemendur við viðskiptadeild í fjarnámi á Blönduósi, Egilsstöðum, Höfn, Ísafirði, Neskaupstað, Patreksfirði, Sauðárkróki, Selfossi og Siglufirði og í Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum.

Verkefnastjóri fjarnáms er Erlendur Steinar Friðriksson.





SÍMENNTUN

Námskeið Símenntunar árið 2004 voru með fjölbreyttum hætti, s.s. á sviðum uppeldis- og kennslufræði, heilbrigðis- og félagsfræði, fjármála og stjórnunar. Einnig var mikil aðsókn í lengra nám sem í boði var á sviðum stjórnunar, reksturs og viðskipta.

Á vormisseri voru haldin sjö styttri námskeið með 150 þátttakendum. Þá voru þrjú lengri námskeið sem gáfu háskólaeiningar. Tvö í ítölsku sem voru tvær einingar hvort og eitt fimm eininga námskeið í skólastjórnun sem stóð yfir misserið. Þátttakendur þessara námskeiða voru samtals 50. Einnig hófst í samstarfi við viðskiptadeild HA þriggja anna rekstrar- og viðskiptanám með 25 þátttakendum. Einn ítölskunemandi var verðlaunaður fyrir góðan námsárangur til frekara ítölskunáms í fjórar vikur í Pisa en ítalska utanríkisráðuneytið styrkir ítölskukennslu við háskólann.

Fjögur sumarnámskeið voru haldin fyrir grunnskólakennara, þar af tvö á Húsavík. Samanlagður fjöldi á þeim var 64. Þá voru þrjú aðfaranámskeið fyrir væntanlega háskólanemendur í upphafi skólaárs, þar af eitt bæði í staðbundinni kennslu og fjarkennslu og annað í Hafnarfirði fyrir fjarnema. Alls sóttu þessi námskeið 168 manns.

Á haustmisseri voru fimm námskeið með 113 þátttakendum. Stjórnendur framtíðarinnar í samstarfi við IMG fóru af stað í þriðja sinn og fjögurra anna rekstrar- og stjórnunarnám í samstarfi við viðskiptadeild og Félagsmálaskóla alþýðu fyrir talsmenn stéttarféлага hóf göngu sína með 53 þátttakendum sem sóttu námið til Símenntunarmiðstöðva á 11 stöðum á landinu. Þá var einnig önnur önn rekstrar- og viðskiptanámsins.

Kennarar á námskeiðum og í námi á vegum Símenntunar eru auk kennara við HA frá öðrum háskólum í landinu svo og ýmsir sérfræðingar hjá fyrirtækjum og stofnunum sem búa yfir eftirsótttri þekkingu og reynslu.

Þá sinnir Símenntun einnig nokkru óformlegu upplýsinga- og ráðgjafastarfi þar sem einstaklingar bæði hjá fyrirtækjum og stofnunum leita í nokkrum mæli til Símenntunar varðandi símenntunarmál.

Elín Margrét Hallgrímsdóttir er símenntunarstjóri.

Stjórn:

Anna Þóra Baldursdóttir lektor og brautarstjóri í kennaradeild
Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennsluviðs
Ögmundur Knútsson framkvæmdastjóri og formaður stjórnar



MATVÆLASETUR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Árið 2004 var fimmta heila starfsár Matvælaseturs Háskólans á Akureyri (MHA) en það tók til starfa í janúar árið 2000. Háskólinn á Akureyri leggur til alla starfsaðstöðu og er MHA til húsa hjá auðlindadeild HA að Borgum. Er allur vinnugangur samræmdur reglum og venjum Háskólans á Akureyri. Sérstaklega ber að þakka gott samstarf við stjórnslu háskólans þar um. Hólmur Svansson forstöðumaður lét af störfum þann 1. september og tók Eyjólfur Guðmundsson lektor tímabundið við starfi forstöðumanns setursins.

Á árinu voru fjögur meginverkefni unnin á vegum setursins. Þau fólu í fyrsta lagi í sér áframhaldandi athuganir frá fyrra ári varðandi möguleika á stofnun öndvegisseturs í auðlindalíftækni, í öðru lagi vinnu við stefnumótun MHA, í þriðja lagi undirbúning að flutningi í nýtt húsnæði að Borgum og í fjórða lagi rannsóknir sem stundaðar voru í rannsóknarymi setursins að Borgum.

Mikil vinna fór í verkefnið um *stofnun öndvegisseturs* og fólst hún í söfnun upplýsinga, úrvinnslu gagna og frágangi á lokaskýrslu. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru tillögur um að stofnað verði líftæknet í auðlindanýtingu sem verði samstarfsvettvangur fyrirtækja í líftækniöndun. Verkefnið snúist um samþæfingu rannsóknatengdra þróunarverkefna til eflingar kunnáttu á sviði líftækniþróunar úrvinnslu úr náttúruauðlindum, með áherslu á hagnýt markaðsdrifin verkefni. Í kjölfar skýrslunnar var sett á fót sérstakt verkefni í samstarfi sjávarútvegs-, menntamála- og iðnaðarráðuneyta. Verkefnið er til þriggja ára og er fjármagnað að mestu með framlögum frá iðnaðarráðuneyti, allt að 20 m.kr. árlega fram til 2007.

Ljóst var á síðastliðnu ári að taka þurfti upp umræðu um stefnu og framtíðarsýn MHA vegna nýrra möguleika með tilkomu rannsóknahúss HA að Borgum og væntanlegra breytinga í stofnanaumhverfi hins opinbera. Niðurstaða þeirrar umræðu var að leggja til að við endurnýjun samnings um MHA myndu landbúnaðar- og iðnaðarráðuneyti draga sig út úr samstarfinu. Eftir stæði samstarfssamningur á milli sjávarútvegsráðuneytis og Háskólans á Akureyri um uppbyggingu rannsókna á matvælasviði með sérstakri áherslu á rannsóknir tengdum matvælafyrirtækjum í sjávarútvegi. Nýr samningur var undirritaður í nóvember 2004 og tók ný stjórn til starfa í kjölfar þess í desember.

Fyrsta október var flutt inn í nýtt húsnæði að Borgum við Norðurlóð. Matvælasetrið hefur þar til umráða 50 fermetra rannsóknastofu með vinnuástöðu fyrir 8 starfsmenn ásamt skrifstofuhúsnæði fyrir forstöðumann setursins.

Í framhaldi af opnun rannsóknastöðunnar voru settar reglur um úthlutun rannsóknaryma til samstarfsaðila setursins, þ.e. auðlindadeildar HA og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Bárust strax sex umsóknir um samtals 10 vinnurými og því ljóst að mikil starfsemi mun fara fram í hinu nýja húsnæði setursins. Stjórn setursins lítur því með björtum augum til framtíðar og á von á að þessi nýja aðstaða verði starfsemi þess mikil lyftistöng.

Til viðbótar því sem þegar hefur verið nefnt voru margvísleg önnur verkefni unnin við setrið á árinu 2004. Á haustmánuðum hófust samningar við Vaxtarsamning Eyjafjarðarsvæðisins um að MHA tæki að sér rekstur á svokölluðum *matvælaklassa*, verkefni sem fólgið er í því að hvetja til samstarfs og samvinnu á milli matvælafyrirtækja á Norðurlandi. Drög að samkomu-lagi voru gerð í desember 2004, til undirskriftar í janúar 2005. Þá tók forstöðumaður setursins þátt í kennslu, verkefnavinnu og leiðbeiningu við nemendur í viðskiptadeild og auðlindadeild við Háskólann á Akureyri. Kennslan var á sviðum alþjóðaviðskipta og vöruþróunar. Forstöðumaður kom einnig að handleiðslu á lokaverkefni nemanda við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna og er von á að samstarf við þann skóla eigi eftir að aukast í náinni framtíð.

Stjórn:

Eyjólfur Guðmundsson frá Háskólanum á Akureyri, formaður stjórnar
Jón Kjartan Jónsson frá Samherja hf.
Stefanía Katrín Karlsdóttir frá Tækniháskóla Íslands



FERÐAMÁLASETUR ÍSLANDS

Háskólinn á Akureyri starfrækir Ferðamálastetur Íslands í samstarfi við Háskóla Íslands. Starfsemin er til húsa við Háskólann á Akureyri. Helstu verkefni Ferðamálasteturs Íslands snúast um rannsóknir í ferðamálum, samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila, útgáfu fræðiritra og kynningarbæklinga, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og það að gangast fyrir námskeiðum, ráðstefnum og fyrirlesturum í ferðamálafræðum. Verkefni sem unnið hefur verið að eru fjölbreytt og af ýmsum toga hvort sem þau eru rannsóknatengd, á sviði fræðslu eða ráðstefnuhald.

Helgi Gestsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans á Akureyri, tók við starfi forstöðumanns, Ferðamálasteturs Íslands í byrjun september í leyfi Arnars Más Ólafssonar. Með honum starfa Bergþóra Aradóttir sérfræðingur og Kristín Sóley Björnsdóttir, sérfræðingur í menningartengdri ferðaþjónustu, en hún kom til starfa úr fæðingarorlofi í október.

Á árinu 2004 vann Ferðamálastetur m.a. að eftirtöldum verkefnum:

Hafin var könnun á *hagrænum áhrifum ferðaþjónustu á Akureyri*. Meginmarkmið verkefnisins er að mæla bein áhrif ferðaþjónustu á Eyjafjarðarsvæðinu og að móta aðferð sem nýtist fyrir önnur landsvæði. Samstarfsaðili er Ferðamálaráð Íslands. Verkefnið hlaut á árinu styrk frá Bygðastofnun að upphæð kr. 1.700.000.

Menning og ferðaþjónusta – Eyjafjörður er verkefni sem unnið er af Ferðamálastetri Íslands í samstarfi við Hólaskóla. Markmiðið er að rannsaka tengsl menningar og menningararfs við ferðamennsku á Eyjafjarðarsvæðinu, draga fram menningarleg sérkenni og þau greind frá sjónarmiði gesta og gestgjafa.

Rannsókn er lýtur að *náttúrulegum þaðlaugum* hófst sumarið 2004. Er hún unnin í samstarfi við Háskólasetrið í Hveragerði, Ferðamálaráð Íslands og Prokaria ehf. Verkefnið er m.a. styrkt af Bygðastofnun. Leitast var við að rannsaka eiginleika íslenskra náttúrulegra í efna- og erfðafræðilegu samhengi.

Ferðamálastetur Íslands hélt málþing í maí 2004 þar sem fjallað var um *hagræn áhrif ferðaþjónustu frá ýmsum hliðum*. Málþingið var haldið í Háskóla Íslands og voru margir frummælendur, m.a. prófessor Tom Baum, forstöðumaður ferðamálaeildar The University of Strathclyde.

Framlag Ferðamálasteturs til verkefnisins *Hagvöxtur á heimaslóð* er umfjöllun um stefnumótun og markmiðasetningu ferðaþjónustufyrirtækja. Verkefnið er þróunarverkefni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í ferðaþjónustu. Umsjón var í höndum Útflutningsráðs Íslands í samvinnu SAF, Impru, Landsmenntar, Mímis, Bygðastofnunar og FMSÍ.

Unnið var að undirbúningi námskeiðsins *Grannar græða* sem miðar að því að efla samvinnu þeirra sem starfa í ferðaþjónustu á Norðurlandi og styrkja tengslanet þeirra. Er þar um að ræða samstarf Hólaskóla, Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi og símenntunarmiðstöðva á Norðurlandi.

Hjá Ferðamálastetri er hafinn undirbúningur norrænnar rannsóknarráðstefnu, *The 14th. Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research*, sem haldin verður á Akureyri dagana 22.–25. september 2005. Sérstaklega verður þar fjallað um menningu og samfélag, náttúru og efnahagslíf.

Ferðamálastetur Íslands sér um skipulag og kennslu í þeim námskeiðum sem kennd eru við ferðaþjónustubraut viðskiptadeildar Háskólans á Akureyri. Á ferðaþjónustubraut eru námskeið um skipulag ferðamannastaða og stefnumótun, ferðamennsku og umhverfi, lög og reglur í ferðaþjónustu og neytendahegðun í ferðaþjónustu. Nemendur sem ljúka námi af ferðaþjónustubraut útskrifast með BSc.-gráðu sem viðskiptafræðingur með áherslu á ferðaþjónustu.

Stjórn:

Anna Dóra Sæþórsdóttir frá Háskóla Íslands

Áslaug Alfreðsdóttir frá SAF, Samtökum ferðaþjónustunnar

Eliás Bj. Gíslason frá Ferðamálaráði Íslands

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir frá Hólaskóla

Gunnar Karlsson, frá Háskólanum á Akureyri, varaformaður stjórnar

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir frá Háskólanum á Akureyri

Ingjaldur Hannibalsson frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar



FRUMKVÖÐLASETUR NORÐURLANDS

Háskólinn á Akureyri sá um rekstur Frumkvöðlaseturs Norðurlands (FN) á árinu 2004 samkvæmt samningi þess efnis sem undirritaður var 28. maí 2003 og gildir til ársloka 2005. FN var þó rekið sem sjálfstætt félag (ehf.). Í árslok 2004 áttu fjórir hluthafa meira en 10% hlut í félaginu hver, en þeir eru Urðir ehf., Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og Tækifæri hf.

Ottó Biering Ottósson starfaði sem forstöðumaður FN til loka október 2004 er hann hvarf til annarra starfa. Í framhaldi af starflokum Ottós var Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri falinn rekstur FN, undir stjórn Grétar Þórs Eypórssonar forstöðumanns.

Á árinu var unnið að kynningarmálum FN á starfssvæðinu og unnið með ýmsum aðilum varðandi nýsköpun og atvinnumál. Á haustdögum gekkst FN fyrir viðskiptahugmyndakeppni undir yfirskriftinni Skráðu þína hugmynd. Framkvæmd keppinnar fór fram í samvinnu við HA, FSHA og Impru nýsköpunarmiðstöð. Alls bárust níu hugmyndir í samkeppnina og það var Halldór Pálmi Bjarkason nemandi í viðskiptadeild sem varð hlutskarpastur með hugmynd sem bar heitið „Tæknistýrður hlutabréfasjóður“.

Eftirtalin frumkvöðlaverkefni voru hýst á setrinu eða unnu í samstarfi við FN á árinu 2004:

Fjölnýting á heitu vatni, forsvarsaðili: Bjarni P. Hjarðar. Verkefnið er samstarfsverkefni viðskiptadeildar HA, auðlindadeildar HA, Ramboll verkfræðifyrirtækis í Danmörku, Útrásar verkfræðistofu, Öxarfjarðarhrepps, Xorku o.fl. Verkefnið fjallar um að nýta heitt vatn til rafmagnsframleiðslu og útflutnings.

Innan handar sf., forsvarsaðilar Guðný Sæmundsdóttir og Bryndís Dagbjartsdóttir. Verkefnið byggir á því að þróa ráðgjöf og þjónustu í markaðs- og starfsmannamálum fyrir lítil fyrirtæki.

Stuðningsvörur með framleiðsluvörum Sæplasts hf., forsvarsaðili: Eliás Björnsson. Unnið var að hugmyndum um stuðningsvörur og aukahluti við framleiðsluvörur Sæplasts hf. og þarfir viðskiptavina greindar.

X-orka ehf., forsvarsaðili: Þórhallur Bjarnason. Fyrirtækið byggir á hugmyndum um rannsóknaklassa á varmaorkusviði, með áherslu á hönnun, þróun og sölu kalinakerfa.

Fiskeldi á Húsavík, forsvarsaðili Hlifar Karlsson. Verkefnið snérist um að greina aðstæður til fiskeldis á Húsavík og koma nauðsynlegum upplýsingum á markvissan hátt á framfæri við fjárfesta. *Víðheimar ehf.*, forsvarsaðili: Pétur Reynisson. Fyrirtækið vann að þróun tækni og úrlausna á sviði fjarmenntunar og gerð rafræns námsefnis.

Ice cage fiskeldiskví, forsvarsaðili: Jón Þorvarðarson. Verkefnið fjallar um þróun og prófanir á nýrri tegund á sökkvanlegri fiskeldiskví.

Hljóðbókin, forsvarsaðili: Jökull Guðmundsson. Þróun á hljóðbók í samstarfi við blindrafélagið o.fl.

Spotlitur ehf., forsvarsaðili, Ingi Björgvin Karlsson: Þróun á nýrri tegund litakerfis fyrir prentiðnað.

Unnið að kynningu og samningum við fjárfesta.

Stjórn:

Andri Teitsson frá KEA/Tækifæri hf.

Benedikt Sigurðarson frá KEA/Urðir ehf, formaður stjórnar

Björgvin Njáll Ingólfsson frá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, varaformaður

Magnús Ásgeirsson frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar

Sigurður Steingrímsson frá Impru Nýsköpunarmiðstöð

Varamenn:

Helgi Gestsson frá Háskólanum á Akureyri

Jóhann Antonsson frá Sparisjóði Svarfdæla

Sveinn Þorgrímsson frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Tryggvi Finnsson frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga

RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri lýtur yfirstjórn háskólaráðs og starfar samkvæmt lögum og reglugerð fyrir háskólann auk sérstakrar reglugerðar fyrir Rannsóknastofnunina (Reglugerð um Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri nr. 613/24. júlí 1992). Stofnunin hóf starfsemi sína þann 22. september 1992 en þá var fyrsti stjórnarfundur hennar haldinn. Hlutverk Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri eru að efla rannsóknir við Háskólann á Akureyri, gefa út og kynna niðurstöður rannsókna við háskólann, hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaaðila, veita upplýsingar og ráðgjöf, standa fyrir námskeiðum, fyrirlesturum og ráðstefnum og selja þjónustu.

Starfsemin 2004

Rannsóknastarf er meginþátturinn í starfi Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri og er meginþáttur rannsókna á sviði byggðamála, sveitarstjórnarmála, nýsköpunarmála og opinberrar stjórnsýslu. Einnig eru hvers kyns viðhorfskannanir reglulegur hluti starfsins. RHA hætti rekstri Símenntunar HA á árinu. Þann 1. október flutti stofnunin úr húsnæðinu í gamla Húsmæðra-skólanum við Þórunnarstræti í nýja rannsókn- og nýsköpunarhúsið að Borgum við Norðurlöndum. Framkvæmdastjóri á árinu 2004 var dr. Grétar Þór Eyþórsson. Í árslok 2004 störfuðu við stofnunina alls 9 manns í 8,3 stöðugildum.

Rannsóknaskýrslur:

Atvinnu- og húsnæðismál í Skútustaðahreppi. Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Atvinnu- og skólasókn til höfuðborgarsvæðisins – Könnun gerð meðal íbúa Árborgar, Akraness og Borgarbyggðar.

Höfundur: Björk Sigurgeirsdóttir.

Áhrif Hvalfjarðarganga á samfélag og byggð á Vesturlandi. Höfundar: Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson.

Álver eða orkufrekt iðjuver við Húsavík. Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Borgarfjörður – skipan grunnskólamála. Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson

Eyfirðingar í eina sæng? Mat á sameiningu sveitarfélaga í Eyjafirði í eitt.

Höfundar: Grétar Þór Eyþórsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson.

Greining á samgöngumálum á Vestur-Norðurlöndum. Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson.

Fjölmiðlafrumvarpið og fréttirnar. Höfundur: Kjartan Ólafsson.

Fjölskylduvogin – mæling á lífsgæðum. Höfundur: Kjartan Ólafsson.

Könnun á félagslegri stöðu heyrnarlausra. Höfundar: Guðmundur Ævar Oddsson og Hekla Gunnarsdóttir.

Könnun á starfsumhverfi starfsmanna Háskólans á Akureyri. Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Könnun meðal brautskráðra nemenda Háskólans á Akureyri vorið 2003.

Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

Labour market services in the Nordic periphery. Höfundar: Elín Aradóttir, Grétar Þór Eyþórsson,

Jógván Mörköre og Randi Fredriksberg.

Rangárþing ytra – úttekt á málum grunnskóla. Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson.

Sameining sveitarfélaga á Vesturlandi. Höfundar: Grétar Þór Eyþórsson og Kjartan Ólafsson.

Sameiningarmál á Vestfjörðum. Höfundar: Hjördís Sigursteinsdóttir og Grétar Þór Eyþórsson.

Samgöngubætur og félags- og efnahagsleg áhrif þeirra – Þróun matsaðferða.

Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson.

Samgöngur á Vestfjörðum. Höfundar: Hjördís Sigursteinsdóttir og Grétar Þór Eyþórsson.

Ráðstefnur o.fl.

Þann 13. ágúst heimsótti efnahags- og viðskiptanefnd Norðurlandaráðs stofnunina og fluttu sérfræðingar RHA alls 3 erindi.

Þann 18. ágúst fluttu Grétar Þór Eyþórsson og Kjartan Ólafsson erindi um rannsókn á samfélagsáhrifum stóriðju á Austurlandi fyrir heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlandanna á fundi á Egilsstöðum.

Þann 22. október gekkst RHA fyrir norrænni ráðstefnu: *Economic Development and Innovation in the Nordic Periphery.* Var hún haldin í Ketilhúsinu á Akureyri.

Stjórn:

Andrew Brooks dósent upplýsingatæknideild, Arnheiður Eyþórsdóttir matvælafræðingur formaður stjórnar,

Eyjólfur Guðmundsson lektor auðlindadeild, Guðmundur Kristján Óskarsson lektor viðskiptadeild, Jón Kr. Sólnes hrl.,

Kristín Aðalsteinsdóttir dósent kennaradeild, Þórarinn Sigurðsson deildarforseti heilbrigðisdeildar,

Þóroddur Bjarnason prófessor félagsvísinda- og lagadeild.

BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN ÍSLANDS

Samningur um Byggðarannsóknastofnun Íslands var gerður á Akureyri þann 25. ágúst 2000. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra, Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður og stjórnarformaður Byggðastofnunar, og Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, undirrituðu þá samninginn en stofnunin tók til starfa þann 1. apríl 2001. Grétar Þór Eyþórsson hefur stýrt stofnuninni í hálfu starfi. Auk þess lagði Byggðastofnun til tæplega hálfra stöðu á árinu 2003. Á árinu 2004 ákvað stjórn Byggðastofnunar að hætta fjárstuðningi við Byggðarannsóknastofnun.

Í samningnum um stofnunina er tekið fram að hún skuli vera rannsókn- og fræðslustofnun á sviði byggðamála við Háskólann á Akureyri. Helstu markmið hennar skulu vera að treysta þekkingu á búsetu- og byggðamálum, einkum hvað varðar þróun efnahags- og atvinnumála, búsetu og menningarþætti, mennta- og heilbrigðismál og samgöngur. Ennfremur segir að stofnunin skuli einkum ná markmiðum sínum með því að annast gerð rannsóknáætlana og framkvæmd þeirra, stuðla að samvinnu við innlendar og erlendar vísindastofnanir, standa fyrir ráðstefnum, umræðufundum, námskeiðum, fyrirlesturum og annarri fræðslustarfsemi, annast þjónusturannsóknir í eigin nafni og standa fyrir útgáfu rita og söfnun bóka, tímarita og annars efnis á starfssviði stofnunarinnar.

Rannsókn- og þróunarverkefni á árinu 2004:

Skýrslur:

Samfélagsandi og nýsköpunarstarf. Rannsókn á völdum landsbyggðarsvæðum.

Höfundar: Elín Aradóttir og Kjartan Ólafsson.

Future Challenges to Small Municipalities. The cases of Iceland, Faroe Islands and Åland Islands.

Höfundar: Grétar Þór Eyþórsson, Gestur Hovgaard og Katarina Fellman.

Háskólanámssetur á Vestfjörðum. Athugun á forsendum og greining á þörf.

Unnið fyrir menntamálaráðuneytið. Höfundar: Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson.

Verkefni:

Kvinner reiser, menn blir Norrænt rannsóknaverkefni unnið í samvinnu við Jafnréttisstofu.

Verkefnisstjóri er dr. Grétar Þór Eyþórsson. Að verkefninu vinna Kjartan Ólafsson og Hjördís Sigursteinsdóttir.



BORGIR



Hið nýja rannsókn- og nýsköpunarhús var formlega opnað við hátíðlega athöfn föstudaginn 22. október 2004 að viðstöddu margmenni, m.a. menntamálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sjávarútvegsráðherra, umhverfisráðherra, heilbrigðisráðherra og bæjarstjóranum á Akureyri.

Efnt var til opinna samkeppni um nafnið á rannsóknahúsinu og bárust hátt á annað hundrad tillögur. Í dómnefnd um val á nafni voru Ólafur Búi Gunnlaugsson, Kristinn J. Albertsson, Rannveig Björnsdóttir, Snævar Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson. Viðmið dómnefndar varðandi val á heiti voru þau helst að nafnið væri eftirminnilegt, þjálft, einfalt í notkun og hefði beina eða óbeina tilvísun í umhverfi hússins og þá starfsemi sem þar færi fram.

Það var samhljóða álit dómnefndarinnar að nafnið Borgir skyldi valið sem heiti rannsóknahússins. Eitt aðaleinkenni svæðisins eru fagrar klettaborgir og á lóðinni stendur bærinn Borgir. Gríska hugtakið yfir borg eða borgríki, polis, vísaði til samfélags siðlega þenkjandi manna sem unnu að sameiginlegu viðfangsefni í samhljóma anda. Í trúarbrögðum er kunn skírskotunin til borgar sem vinjar eða heilags vérs þar sem innviðir eru varðir fyrir öllum skeytum ólukkunnar. Í nútímanum er borg táknið fyrir margbreytileika, uppbyggingu og framfarir en í rannsóknahúsinu eru margar stofnanir sem leggja áherslu á þessi gildi. Því hefur heitið Borgir sterka tilvísun í þessar stofnanir og starfsemi þeirra. Höfundur tillögu að nafninu Borgir er Ragnheiður Kjærnested, bókasafnsfræðingur við Bókasafn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, og var henni veitt viðurkenning frá Háskólanum á Akureyri.

Undirbúningur að verkinu hófst með skipun nefndar um verkefnið í ársbyrjun 2000 af þáverandi menntamálaráðherra, Birni Bjarnasyni. Í nefndinni áttu sæti Gísli Þór Magnússon, fulltrúi menntamálaráðuneytis sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Guðmundur Ólason, fulltrúi fjármálaráðuneytis, Sveinn Þógrímsson, fulltrúi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Þorsteinn Tómasson, fulltrúi landbúnaðarráðuneytis, Ármann Kr. Ólafsson, fulltrúi sjávarútvegsráðuneytis, Þórður Ólafsson, fulltrúi umhverfisráðuneytis, Jón Þórðarson, fulltrúi Háskólans á Akureyri, og Snævar Guðmundsson fulltrúi Fasteigna ríkissjóðs. Á síðari stigum urðu þær breytingar á nefndinni að Þorsteinn Gunnarsson rektor tók sæti Jóns Þórðarsonar sem fulltrúi HA og Stefán Jón Friðriksson tók sæti Guðmundar Ólasonar sem fulltrúi fjármálaráðuneytisins. Þá féll Þorsteinn Tómasson úr nefndinni þegar ákveðið var að engar stofnanir á vegum landbúnaðarráðuneytisins yrðu í húsinu. Umsjónaraðili með útboði var Ríkiskaup og var Páll Grétarsson verkefnisstjóri en nefndin réð, að loknu útboði í ágúst árið 2000, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf (VST), sem ráðgjafa við gerð útboðsgagna. Þá sömdu Fasteignir ríkissjóðs við VST um eftirlit á undirbúnings-, hönnunar- og framkvæmdatíma. Verkefnisstjóri fyrir VST allan tímann hefur verið Flosi Sigurðsson. Ákvörðun um útboð verksins í einkaframkvæmd var tekin á fundi ríkisstjórnarinnar þann 4. febrúar 2003. Fór útboðið fram með svokölluðu tveggja umslaga kerfi þar sem bjóðendur skila tilboðum í tveimur umslögum. Í einu umslagi skilar bjóðandi lausnum sínum á verkefninu ásamt teikningum og greinargerðum en í öðru umslagi skilar hann verðtilboði. Verðtilboð voru opnuð þann 21. maí 2003 en þá lá fyrir mat á gæðum lausna bjóðenda en tilboðunum höfðu bjóðendur skilað þann 6. maí í samræmi við skilmála útboðsgagna. Í júní var ákveðið að ganga til samninga við Landsafl um að leggja til rannsókn- og nýsköpunarhús og reka í 25 ár. Auk Landsafls samanstóð hópur þeirra af Íslenskum aðalverktökum hf (ÍAV) og ISS Ísland ehf.



BORGIR

Skóflustunga að byggingunni var tekin þann 10. júlí 2003 af þáverandi menntamálaráðherra, Tómasi Inga Olrich, og voru framkvæmdir komnar í fullan gang í ágúst.

Markmið með byggingu hússins er að við Háskólann á Akureyri verði byggð upp fyrsta flokks aðstaða fyrir kennslu og rannsóknir í raunvísindum með hagnýtingarmöguleika fyrir hin ýmsu svið þjóðlífsins og jafnframt að þar verði miðstöð rannsókn- og þróunarstarfs á Norðurlandi sem laði til sín frekari rannsóknatengda starfsemi.

Eftirtaldir stofnanir eru í húsinu en af þeim eru auðlindaeild HA, Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar, upplýsinga- tækni-eild HA og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fyrirferðarmestar.

**Auðlindaeild HA - Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar Íslands - Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar
Byggðarannsóknastofnun Íslands - CAFF International Secretariat - Ferðamála-setur Íslands - Hafrannsóknastofnun
Háskólinn á Akureyri, aðalskrifstofa - Impra nýsköpunarmiðstöð - Jafnréttisstofa - Matvæla-setur HA
Orkustofnun, Orkusjóður - PAME International Secretariat - Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins - Rannsóknastofnun HA
Stofnun Vilhjálmis Stefánssonar - Upplýsingatækni-eild HA - Veðurstofa Íslands - Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar**

Samstarfi fyrirtækjahópsins sem stendur að byggingunni er þannig háttað að ÍAV sá um að byggja húsið og ISS um þjónustuna en Landsafl mun eiga húsið og vera leigusali. Arkitektar hússins eru ASK Arkitektar.

Rannsóknahúsið er byggt skv. nýju deiliskipulagi svæðis Háskólans á Akureyri á Sólborg en í deiliskipulagsgreinargerð er lögð áhersla á frekari uppbyggingu og aukin umsvif HA og leitast við að skapa stofnuninni sem mesta möguleika á svæðinu og jafnframt vinna með náttúru og landslagi þess.

Samkvæmt tillögu arkitekta eru Borgir um 7.500 m² með um 5.500 m² sem nú hafa verið teknir í notkun en gert er ráð fyrir að byggingin verði reist í tveimur áföngum. Fyrri áfangi skiptist í austurálm, vesturálm og turn. Austur- og vesturálmur eru á 4 hæðum en turninn er 7 hæða. Í seinni áfanga er gert ráð fyrir 4 hæða suðurálm sem byggð yrði með þátttöku svokallaðra sprotafyrirtækja. Sprotarýmið er hugsað fyrir nýsköpunarfyrirtæki í hátækni eða fyrirtæki sem geta boðið fram eftirsóknarverða þjónustu og kjarnastarfsemi fyrir háskóla- og rannsóknasamfélagið á Akureyri. Þá er rýmið einnig hugsað sem mögulegt rými undir stækkun þeirra stofnana á vegum ríkisins sem verða í húsinu eða jafnvel fyrir mögulega fjölgun stofnana á vegum ríkisins.

Í fyrri áfanga eru eingöngu opinberar stofnanir og hafa 115 manns hafið störf í húsinu auk fjölda nemenda sem stunda þar nám í raun- og lífvísindum. Svo dæmi sé tekið af því kennslu og rannsóknarými sem háskólinn hefur til umráða má nefna örveru- og líftæknistofu, efnafræði- og raunvísindastofu, matvælarannsóknastofu, umhverfis- og jarðvísindastofu, umhverfisefnafræðistofu, eðlisfræðistofu og tölvunarfræðistofu. Um er að ræða afar fullkomnar kennslu- og rannsóknastofur en aðstaðan þar mun skapa grundvöll að vísindastarfsemi sem mun styrkja háskólann sem stofnun, aðrar stofnanir í rannsóknahúsinu og atvinnulíf og þjóðlíf um land allt. Mestu máli skiptir þó framlag þeirra ágætu vísindamanna og annars starfsfólks sem í húsinu vinna. Rannsóknir þeirra munu leiða til nýsköpunar og framfara við áframhaldandi uppbyggingu hins íslenska samfélags.

Stúdentagarðar

Þann 4. september tók Félagstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri (FÉSTA) nýja stúdentagarða við Tröllagil 29 í notkun. Í stúdentagörðunum eru 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðir og fjögurra deilda leikskóli. Íbúðirnar eru svar við mikilli eftirspurn stúdenta eftir hagstæðu leiguhúsnæði og leitað var eftir samstarfi við Akureyrarbæ sem kemur til móts við vaxandi þörf bæjarbúa fyrir leikskólapláss með rekstri leikskóla á tveimur neðstu hæðunum í byggingunni. Framkvæmdir við bygginguna hófust um miðjan júní 2003 og P. Alfreðsson var byggingarverktaki.

Auk stúdentagarðanna við Tröllagil rekur FÉSTA stúdentagarða við Útstein með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknir voru í notkun 1989, við Klettastíg sem teknir voru í notkun 1994 og hafa 12 herbergi og 18 íbúðir og við Drekkagil þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2001.



HELSTU SAMNINGAR Á ÁRINU 2004

Í skránni hér á eftir er fyrst getið um samningsaðila, síðan eðli samningsins og loks dagsetningu undirskriftar.

Auðlindadeild Háskólans á Akureyri og fiskeldisdeild Hólaskóla – Háskólans á Hólum í Hjaltadal. Samstarfssamningur um rannsóknir og kennslu í fiskeldi og skyldum greinum. 11. mars 2004.

Háskólinn á Akureyri og menntamálaráðuneyti.

Samningur um kennslu og rannsóknir á grundvelli laga um háskóla nr. 136/1997. 29. mars 2004.

Háskólinn á Akureyri, iðnaðarráðuneyti, Akureyrarbær, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar – fyrir hönd sveitarfélaga í Eyjafirði, Byggðastofnun, Iðntæknistofnun Íslands – Impra Nýsköpunarmiðstöð, Kaupfélag Eyfirðinga Akureyri, Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi, Stéttarfélag í Eyjafirði og Útflutningsráð Íslands. Vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðis, 2004–2007. Markmið samningsins er að efla Eyjafjarðarsvæðið sem eftirsóttan valkost til búsetu. Júlí 2004.

Háskólinn á Akureyri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Samstarfssamningur um líftækni. Markmið samningsins er að efla rannsóknir og tækniþróun á sviði líftækni í þágu íslensks atvinnulífs. 5. júlí 2004.

Háskólinn á Akureyri og Félagsmálaskóli alþýðu. Samstarfssamningur um nám við Háskólann á Akureyri. 27. ágúst 2004.

Háskólinn á Akureyri og Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Samstarfssamningur um aðstoð við þróunarlöndin. Markmið samstarfsins er að efla með markvissum hætti þátttöku Háskólans á Akureyri í verkefnum á sviði þróunaraðstoðar á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og stuðla að aukinni þekkingu og fræðslu um þróunarsamvinnu. 6. september 2004.

Háskólinn á Akureyri, Dalabyggð og Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi.

Samkomulag um háskólanám í Búðardal. 11. september 2004.

Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri og Ásprent/Stíll.

Samstarfssamningur um útgáfu tímaritsins Við. Ritstjórn er á vegum Ásprents/Stíls en nemendur í fjölmiðlafræði sjá um að framleiða efni fyrir blaðið undir umsjón kennara og í samráði við ritstjóra. 7. október 2004.

Háskólinn á Akureyri, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og sjávarútvegsráðuneyti.

Samstarfsverkefni um rekstur á Matvælasetri Háskólans á Akureyri. 29. nóvember 2004.

Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Farskóli Norðurlands vestra, Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Fræðslunet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Símei – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar og Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Samningur um eignaraðild, notkun og rekstur Menntabráar. 3. desember 2004.

Samstarfsstofnanir

Háskólinn á Akureyri er í samstarfi við ýmsar stofnanir, félög og einstaklinga, utan lands og innan. Samstarfsstofnanir sem staðsettar eru í húsakynnum háskólans eru:

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar www.afe.is	Orkustofnun www.os.is	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins www.rf.is
Hafrannsóknastofnunin www.hafro.is	Impra nýsköpunarmiðstöð www.impra.is	Stofnun Vilhjálms Stefánssonar www.svs.is



STYRKIR – GJAFIR



Landssamband íslenskra útvegsmanna afhenti háskólanum við hátíðlega athöfn þann 8. september 2004 fullkomna neðansjváarmyndavél að verðmæti u.þ.b. 30 m.kr. Um er að ræða tæki sem getur tekið sjónvarpsmyndir neðansjávar og er með stýribúnað, kapal og farartæki, sem auk myndavéla getur borið margvísleg önnur mælitæki. Fjarstýrðir griparmar gera mögulegt að taka sýni og hafa þeir í för með sér byltingarkenndar umbætur á tæknilegri rannsóknargetu neðansjávar. Auðlindadeild hefur umsjón með búnaðinum sem er notaður til rannsókna á vegum deildarinnar, s.s. veiðarfærarannsóknir, rannsóknir á líf- og vistfræði nytjafiska og annarra lífvera sjávar, rannsóknir á eiginleikum hafsbotnsins, seti og setflutningum og við rannsóknir á umhverfisáhrifum framkvæmda og mengun sjávar. Auðlindadeild gerði samkomulag við kafarafyrirtækið Sævör (Erlend Bogason) um að taka að sér daglegan rekstur og umsjón myndavélarinnar fyrir hönd deildarinnar. Aðrir aðilar sem hafa þörf fyrir rannsóknabúnaðinn geta fengið hann leigðan, ásamt sérstakri tækni- og rannsóknþjónustu. Tekjur sem auðlindadeild fær vegna leigu á búnaðinum eru nýttar til að efla rannsóknir í sjávarútvegsvísindum innan deildarinnar.


Félag áhugafólks um heimspeki á Akureyri færði háskólanum að gjöf vísindaútgáfu á verkum Immanuel Kant eða Kants gesammelte Schriften í útgáfu der Königlich Preußischen Akademie der Wissenschaften (die Akademieausgabe) frá aldamótunum 1900. Gjöfin var til að minnast þess að tvö hundruð ár eru liðin frá láti þessa merka þýska heimspekings. Útgáfan er grundvöllur allrar fræðilegrar umfjöllunar um Kant allt fram á þennan dag. Við athöfn sem haldin var við afhendingu verksins kom fram í máli gefenda að það væri von þeirra að þessi útgáfa ritverka Kants verði hvati til enn frekari heimspekikennslu og fræðistarfa við Háskólann á Akureyri.

Þann 31. október 2002 var undirrituð samstarfsfirlýsing um styrktarverkefni milli Háskólans á Akureyri og KEA. Í yfirlýsingunni lýsir KEA vilja til að verja árlega fjármagni til verkefna innan Háskólans á Akureyri, eða samstarfsstofnana, sem svarar til launakostnaðar við eina prófessorsstöðu á ári. Samningurinn gildir í fimm ár frá undirritun. Háskólasjóður KEA úthlutaði þann 12. maí 2004 samtals 6,5 m.kr. til 13 verkefna sem starfsmenn háskólans voru að vinna að. Er þetta í annað sinn sem úthlutað er úr sjóðnum og skipta styrkirinn verulegu máli fyrir rannsóknastarf við háskólann.

Í tilefni 100 ára afmælis útibús **Landsbankans á Akureyri** 18. júní 2002 stofnaði bankaráð Landsbankans til tveggja náms- og rannsóknastyrkja við Háskólann á Akureyri. Hvor styrkur er að fjárhæð 500.000 krónur. Styrkirnir eru veittir til nemenda sem brautskráðir eru frá auðlindadeild og viðskiptadeild til framhaldsnáms í greinum sem tengjast sjávarútvegi eða fjármálastarfsemi eða til rannsóknaverkefnis á sömu sviðum. Alls bárust átta styrkhæfar umsóknir á þessu ári. Úthlutun fór fram þann 6. ágúst og að þessu sinni hlutu styrk Arne Vagn Olsen brautskráður frá sjávarútvegsdeild 1997 og Ásmundur Gíslason brautskráður frá auðlindadeild 2004. Arne Vagn hóf MBA nám við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn haustið 2003. Ásmundur hóf meistaranám í fjármálum og alþjóðaviðskiptum við Háskólann í Árósum í Danmörku haustið 2004.

Á vordögum hlotnaðist viðskiptadeild HA styrkur að upphæð u.þ.b. 30 m.kr. frá **Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins** til að veita forystu tveggja ára samstarfsverkefni sex evrópskra háskóla og stofnana. Markmið verkefnisins er að hanna nýtt námsefni á sviði fjölþjóðlegra viðskipta með samstarfi milli háskóla og fyrirtækja sem felst m.a. í heimsóknum nemenda og kennara í fyrirtæki í aðildarlöndunum og viðtölum við forsvarsmenn þeirra. Innan viðskiptadeildar hefur verið unnið að þróun náms á sviði fjölmenningarfræða undanfarin ár og er því háskólanum mikill fengur að Leonardo verkefninu sem vonir standa til að geti stóreft þróunarstarf og nýsköpun á þessu sviði. Aðild að verkefninu eiga auk háskólans InterAct International í Bretlandi, Háskólinn í Bialystok í Póllandi, Tækniháskólinn í Gabrovo í Búlgaríu, Tärnösolan í Svíþjóð og Útflutningsráð Íslands.


Skipting kostnaðar



Rekstrarreikningur 2004

	2004	2003
Tekjur		
Innritunargjöld	41.500.000	38.009.557
Aðrar tekjur	90.313.519	88.315.952
Framlög	116.753.959	49.553.829
	248.567.478	175.879.338
Gjöld		
Launagjöld	769.507.743	658.054.209
Aðkeypt þjónusta	99.413.834	85.340.245
Starfstengdur kostnaður	75.397.430	58.868.663
Rekstrarkostnaður	34.104.715	30.628.508
Húsnæðiskostnaður	48.952.278	37.998.734
Tilfærslur	19.906.419	4.804.779
	1.047.282.419	875.695.138
Eignakaup	43.254.299	35.865.353
	1.090.536.718	911.560.491
Tekjuafgangur (tekjuhalli) án fjármagnsliða	(841.969.240)	(735.681.153)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6.947.962	5.564.143
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(835.021.278)	(730.117.010)
Ríkisframlag	727.283.000	596.507.000
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	107.738.278	(133.610.010)

Skipting tekna



Efnahagsreikningur 2004

	2004	2003
Eignir		
Áhættufjármunir		
Eignarhlutir í félögum	1.000.000	1.000.000
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	32.084.708	24.492.497
Handbært fé	229.327.520	149.635.077
	261.412.228	174.127.574
Eignir	262.412.228	175.127.574
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(127.041.530)	6.568.480
Tekjuafgangur (-halli) á árinu	(107.738.278)	(133.610.010)
Eigið fé	(234.779.808)	(127.041.530)
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	472.380.987	293.168.101
Viðskiptaskuldir	24.811.049	9.001.003
Skuldir	497.192.036	302.169.104
Eigið fé og skuldir	262.412.228	175.127.574

Háskólinn á Akureyri brautskráði 245 kandiðata á háskólahátíð sem haldin var í Íþróttahöllinni þann 12. júní 2004. Að auki brautskráðust 17 kandiðatar við sérstaka athöfn sem haldin var í Reykjanesbæ 17. júní. Samtals voru því brautskráðir 262 kandiðatar frá Háskólanum á Akureyri árið 2004 og er það langstærsti hópur til þessa.

Á þessu ári voru brautskráðir í fyrsta sinn nemendur frá upplýsingatæknideild.


Brautskráning vorið 2004 var sem hér segir:

B.Sc.-próf í hjúkrunarfræði	40
B.Sc.-próf í iðjuþjálfun	11
M.Sc.-próf í hjúkrunarfræði	6
B.Ed.-próf í kennarafræði	31
B.Ed.-próf í leikskólafræði	46
Kennslufræði til kennsluréttinda	42
Diplóma í uppeldis- og menntunarfræði	10
B.Sc.-próf í viðskiptafræði	48
B.Sc.-próf í sjávarútvegsfræði	07
B.Sc.-honors próf í sjávarútvegsfræði	4
B.Sc.-próf í tölvunarfræði	17



Brautskráðir frá upphafi

Deild	Ár																Samtals
	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	
Auðlindaedeild																7	7
Heilbrigðisdeild																	372
Kennaradeild			11	9	17	14	18		69	20	11	59	65	73	51	105	582
Viðskipta-/Rekstrardeild	8	11	6	16	21	23	27	39	13	11	15	14	27	39	37	48	355
Sjávarútvegsdeild						9	7	4	11	22	4	9	7	12	7	4	96
Upplýsingatæknideild																17	17
Samtals	8	11	17	25	38	46	52	127	68	67	99	123	139	145	202	262	1429



Háskólar eru sjálfstæðar stofnanir þar sem rannsóknir og kennsla fara að öllu jöfnu saman til þess að mæta síbreytilegum þörfum samfélagsins og framförum á sviði vísinda og fræða. Þeir eiga að vera siðferðilega og fræðilega óháðir sérhagsmunum og taka langtímahagsmuni fram yfir skammtímahagsmuni. Innan þessara vébanda er Háskólinn á Akureyri vísindaleg mennta- og rannsóknarstofnun sem vinnur að nýsköpun og þróun þekkingar á völdum fræðasviðum og hefur mótandi áhrif á samfélagið. Háskólinn á Akureyri stefnir að því að kenna og stunda rannsóknir á þann hátt sem ryður braut fyrir nýjar hugmyndir og aukin verðmæti í þágu samfélagsins.

Á síðustu árum hefur aðsókn í háskólanám aukist verulega hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fjölgaði nemendum á háskólastigi hér á landi úr 10.000 árið 2000 í 15.000 árið 2003 eða um helming. Samanburður við framhaldsskólastigið er áhugaverður í þessu sambandi en á sama tíma fjölgaði nemendum á framhaldsskólastigi á umræddu tímabili aðeins um tæp 8%. Athyglisvert er einnig að aðeins 40% nýstúdenta fara beint í háskólanám. Það er því ekki framhaldsskólinn sem er að færa háskólunum þessa aukningu heldur skýrist hún fyrst og fremst af aukinni aðsókn fólks sem er eldra en 30 ára í háskólanám og eru þar konur í talsverðum meirihluta. Þannig hefur fjöldi þeirra sem stunda háskólanám og eru á aldrinum 25–29 ára aukist um 33%, fjöldi í aldurshópnum 30–39 ára hefur aukist um 85% og 40 ára og eldri aukist um 87%. Ástæður fyrir þessari miklu aukningu sem líkja má við sprengingu eru fjölmargar. Bóðið er upp á nýjar fræðigreinar og áherstur í háskólunum sem höfða til breiðari hóps en áður. Atvinnulífið þróast mjög hratt og gerir síauknar kröfur um aukna menntun og færni. Einstaklingarnir meta það svo að háskólamenntunin styrki stöðu þeirra á vinnumarkaðnum eða á annan hátt í lífsbaráttunni til að aðlagast eða ná valdi á örum breytingum. Aðgengi að háskólum er opnara en áður m.a. með notkun upplýsingatækni í fjarnámi sem gerir þátttöku í háskólanámi óháðari tíma og stað en áður hefur þekkt.

Háskólinn á Akureyri hefur tekið virkan þátt í þessari þróun og leitt hana á sumum sviðum. Þannig hefur fjöldi nemenda við Háskólann á Akureyri aukist úr u.þ.b. 670 árið 2000 í 1430 árið 2003 eða meira en tvöfaldast og er þetta mesta fjölgun nemenda sem vitað er um við nokkurn háskóla hér á landi á þessu tímabili. Fjöldi þeirra sem stunda nám við Háskólann á Akureyri og eru á aldrinum 25–29 ára hefur aukist um 89% frá árinu 2000 til 2003, fjöldi í aldurshópnum 30–39 ára hefur aukist um 190% og 40 ára og eldri aukist um 162%. Fjöldi þeirra sem stunda fjarnám hefur aukist, þeir voru 20% af nemendafjöldanum árið 2000 en 36% af nemendafjöldanum 2003. Fjarnemendur stunda sitt nám fyrir milligöngu símenntunarmiðstöðva á 18 stöðum allt í kringum landið.

Heyrst hafa efasemdaraddir um að aukin aðsókn fólks sem er eldra en 30 ára í fyrri hluta háskólanám sé óæskileg og rétt væri að eyða skattpeningum almennings í annað. Ég er algerlega ósammála þessu sjónarmiði. Hér er um að ræða fólk sem hefur oft öðlast mikla og dýrmæta reynslu og þekkingu í atvinnulífinu er það færir með sér inn í háskólana þar sem hún er sett í samhengi við nýjustu kenningar og þekkingu á viðkomandi fræðasviði. Áhrifin verða því örari yfirfærsla þekkingar milli háskóla og atvinnulífsins en áður og að eldra fólk verður virkur þátttakandi í þessari þekkingaryfirfærslu sem hraðar allri þróun atvinnulífsins enn frekar.

Mikilli og örri fjölgun á háskólastigi hljóta að fylgja vaxtarverkir. Fjölgun háskólanema þýða aukin útgjöld. Stjórnvöld, með boðun skattalækkana, telja að svigrúm til útgjaldaaukningar sé lítið og gera má því ráð fyrir heitum umræðum um fjármögnun háskólastarfseminnar á næstunni þar sem þættir eins og takmarkanir á aðgengi í háskólanám og innleiðing skólagjalda verða helstu ágreiningsefni. Ég hef áður lýst yfir afstöðu minni til innheimtu skólagjalda og mun ekki endurtaka hana hér en ég vara við of ströngum takmörkunum á aðgengi að háskólanámi. Ef við ætlum að halda áfram á sömu braut með framþróun efnahagslífs og aukin lífsgæði þarf nast atvinnulífið hér á landi fleira en ekki færri háskólamentaðs fólks.

Fjölgun háskólanema kallar einnig á auknar framkvæmdir, s.s. byggingu húsnæðis og bætta aðstöðu, t.d. á sviði upplýsingatækni og bókasafna. Umrædd fjölgun nemenda krefst þess einnig að hvergi verði slakað á gæðum háskólastarfsins. Háskólinn á Akureyri hefur brugðist við því með því að herða inntökuskilyrði og þróa áfram heildstætt mat á gæðum náms, kennslu, prófgráða, rannsóknna, skipulags og stjórnunar.

Háskólaárið 2003–2004 voru starfræktar sex deildir við Háskólann á Akureyri: auðlindadeild með 95 nemendur, félagsvísinda- og lagadeild með 111 nemendur, heilbrigðisdeild með 324 nemendur, kennaradeild með 488 nemendur, rekstrar- og viðskipta- deild með 362 nemendur og upplýsingatæknideild með 50 nemendur. Var þetta fyrsta starfsár félagsvísinda- og lagadeildar sem hóf starfsemi sína með afar öflugum starfi. Samtals stunduðu því 1430 nemendur nám við háskólann og hafa þeir aldrei verið fleiri. Árið áður þ.e. háskólaárið 2002–2003 voru um 1070 nemendur við nám í háskólanum og er hér því um mjög mikla aukningu að ræða eða um 34%.

Á þessu háskólaári hefur Háskólinn á Akureyri því verið í örri þróun og margar nýjungar hafa lítið eða eru að líta dagsins ljós. Einkum hefur verið lögð áhersla á að byggja upp rannsóknatengt nám og aðstöðu til rannsókna.

Þann 1. október nk. verður tekið í notkun um 5000 m² rannsókn- og nýsköpunarhús við Háskólann á Akureyri sem byggt er í einkaframkvæmd. Íslenskir aðalverktakar, Landsafl og ISS Ísland leggja til húsið og reka það í 25 ár. Í byggingunni verður fyrsta flokks aðstaða fyrir kennslu og rannsóknir í raunvísindum, m.a. sjávarútvegsfræði, fiskeldi, líftækni, umhverfisfræði og tölvunarfræði og þarna verður aðsetur auðlindaeildar og upplýsingatæknideildar háskólans. Á vegum háskólans verða þarna einnig Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, Bygðarannsóknastofnun Íslands, Ferðamálasetur Íslands og Matvælasetur HA. Í húsinu verður einnig aðstaða fyrir fjölmargar aðrar rannsóknastofnanir sem eru í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Markmiðið er að þarna myndist sameiginlegur starfsvettvangur sem hvetur fólk af ýmsum þekkingarsviðum og með ólíka reynslu að deila skoðunum, hugmyndum og verkefnum. Gert er ráð fyrir að alls verði um 100 starfsmenn í húsinu þegar starfsemin er komin í fullan gang. Fullyrða má að í þessari byggingu verði miðstöð rannsókna- og þróunarstarfs á Norðurlandi og þótt víðar væri leitað og að starfsemin feli í sér mjög mikilvæga hagnýtingarmöguleika fyrir hin ýmsu svið þjóðlífs og atvinnulífs.

Framkvæmdir við bygginguna hafa gengið afar hratt og vel fyrir sig. Framkvæmdatími mun taka innan við ár sem er fáheyrt með háskólabyggingu af þessari stærðargræðu. Bygging þessa rannsóknahúss lýsir miklum metnaði af hálfu íslenskra stjórnvalda við uppbyggingu Háskólans á Akureyri og kann ég fráfarandi menntamálaráðherra, Tómasi Inga Olrich, og núverandi menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, bestu þakka fyrir stórhug þeirra í tengslum við þessa framkvæmd. Aðrir ráðherrar, s.s. félagsmálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sjávarútvegsráðherra og umhverfisráðherra hafa einnig stutt þessa framkvæmd dyggilega og eiga þakka skildar. Góðvinir Háskólans á Akureyri undirbúa söfnun í sumar og haust á meðal fyrirtækja og almennings til að fjármagna kaup á rannsóknatækjum í þetta veglega hús. Um leið og ég þakka velvild góðvinanna háskólanum til handa er það von mín að forsvarsmenn í atvinnulífi og einstaklingar bregðist vel við söfnuninni. Ríkisvaldið hefur gefið þessum aðilum lýsandi fordæmi um stórhug í garð Háskólans á Akureyri. Aðrar framkvæmdir eru endurinnréttingar á eldra Sólborgarhúsnæðinu sem munu standa yfir til 2005. Þessar endurbætur munu stórbæta vinnuástöðu kennara og aðbúnað í mötuneyti. Á þessu ári rennur út samningur háskólans og ráðuneyta menntamála og fjármála um byggingaframkvæmdir háskólans og er nauðsynlegt á næstu mánuðum að endurnýja þann samning þannig að frekari uppbygging geti haldið áfram. Þegar nýja rannsóknahúsið verður tekið í notkun í haust getur Háskólinn rýmt á þessu ári tvö eldri og óhagkvæmari hús, þ.e. Glerárgötu 36 og gamla Húsmæðraskólann við Þórunnarstræti og verða þá allar starfseiningar háskólans nema kennaradeildin staðsettar á nýja háskólasvæðinu við Sólborg.

Samhliða uppbyggingu rannsókna- og kennsluhúsnæðis er verið að gera átak í uppbyggingu stúdentaíbúða. Við Tröllagil 29 er verið að byggja stúdentagarð sem er níu hæða, 3600 m². Í þessari byggingu verða 36 íbúðir, 14 2ja herbergja íbúðir og 22 3ja herbergja íbúðir. Á fyrstu og annarri hæð er fjögurra deilda leikskóli sem rekinn er af Akureyrarbæ. Verktaki er Páll Alfreðsson og hefur verið sóst vel og er á undan áætlun. Ljúka á byggingunni í síðasta lagi í ágúst nk. þannig að íbúðirnar geta flutt inn í íbúðirnar fyrir upphaf næsta skólaárs.

Innan deilda háskólans á sér stað mikil áhersla á uppbyggingu rannsókna og framhaldsnáms. Nú er boðið upp á framhaldsnám í þremur deildum háskólans, heilbrigðisdeild, kennaradeild og auðlindadeild, en allar hinar deildir háskólans eru með áætlanir um uppbyggingu framhaldsnáms. Uppbygging framhaldsnáms styrkir jafnframt uppbyggingu rannsókna við háskólann með rannsóknvinnu nemenda í framhaldsnámi. Jafnframt hafa fyrirtæki og félög, s.s. Kaupfélag Eyfirðinga, stutt rannsóknir við háskólann í auknum mæli.

Alþjóðasamstarf er vaxandi þáttur í starfsemi háskólans. Á þessu skólaári sem er að ljúka stunduðu a.m.k. 32 erlendir nemendur frá 16 þjóðlöndum nám við Háskólann á Akureyri og fyrirsjáanlegt er að þeim mun fjölga á næstunni. Háskólinn á Akureyri hefur tekið virkan þátt í samstarfi norðlægra háskóla í tengslum við formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu, sem er á ábyrgð utanríkisráðherra, og innan vébanda Rannsóknafélags norðursins sem Forseti Íslands átti frumkvæði að stofna. Ennfremur tekur Háskólinn virkan þátt í starfsemi Háskóla norðurlóða. Þetta alþjóðlega samstarf er einn af mikilvægustu þáttunum í starfsemi háskólans og er bein afleiðing af þeirri öflugu kennslu og rannsóknastarfsemi sem þar er stunduð.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur nýverið kynnt vaxtarsamning fyrir Eyjafjarðarsvæðið þar sem fram koma væntingar stjórnvalda til uppbyggingar á umræddu landssvæði og Háskólanum á Akureyri er þar ætlað mikilvægt hlutverk. Ljóst er að atvinnulífið hér á svæðinu getur nýtt sér betur færni og sérþekkingu þess ágæta fólks sem lýkur námi við Háskólann á Akureyri. Umræddur vaxtarsamningur gæti orðið mikilvægt tæki í samstarfi stjórnvalda, atvinnulífs og háskóla um uppbyggingu enn öflugra atvinnulífs hér á svæðinu og því ber að fagna þessu frumkvæði iðnaðarráðherra.

Hér á eftir eru brautskráðir í fyrsta skipti 17 kandiðatar með B.S. gráðu í tölvunarfræði. Námi í tölvunarfræði í upplýsingatæknideild var komið á fót með samstarfi háskólans, Íslenskrar erfðagreiningar og fleiri aðila og hófst starfsemi deildarinnar á haustmíssi 2001. Hópur mjög hæfra erlendra kennara starfar við deildina sem gerir hana samkeppnishæfa við bestu tölvunarfræðideildir við erlenda háskóla. Kennsla fer fram á ensku en það gerir í senn kleift að bjóða erlendum nemendum að nema við deildina sem og að auka hæfni íslenskra nemenda og undirbúa þá betur undir störf eða framhaldsnám erlendis. Ég vil þakka kennurum og deildarforseta fyrir frábær störf við uppbyggingu deildarinnar. Einnig vil ég þakka Íslenskri erfðagreiningu fyrir rausnarlegan stuðning við starfsemi deildarinnar á fyrstu árum hennar. Ég er þess fullviss að þessi glæsilegi hópur kandiðata sem brautskráist hér mun efla þekkingu og færni í tölvunarfræði og starf upplýsingafyrirtækja um allt land.

Samtals brautskrást 245 kandiðatar frá Háskólanum á Akureyri í dag. Að auki brautskrást 17 hjúkrunarfræðingar og viðskiptafræðingar við sérstaka athöfn sem haldin verður í Reykjanesbæ á þjóðhátíðardaginn en þeir hafa stundað fjarnám við háskólann. Samtals verða því á þessu vori brautskráðir 262 kandiðatar frá Háskólanum á Akureyri og er það langstærsti hópur sem hefur brautskráðst héðan.

Kæru kandiðatar, um leið og ég ítreka heillaóskir til ykkar á þessum tímamótum vil ég minna á að þó að háskólapróf ykkar sé mikilvægt þá er það aðeins einn áfangi á lærdómsbraut sem þið vonandi haldið áfram að fylgja í framtíðarstörfum ykkar.

Ágætu kandiðatar, þið eruð í senn drifkrafturinn og besti vitnisburðurinn um hina öru þróun sem átt hefur sér stað við Háskólann á Akureyri. Þið fyllið nú þann hóp atorkusamra frumherja sem byggt hafa upp Háskólann á Akureyri. Í dag ríkir gleðin hjá ykkur sem hafið náð þessum markverða áfangi. Hjú okkur hinum er sú gleði blandin trega að sjá á bak tryggum og metnaðarfullum hópi. Hér á eftir verður ykkur afhentur vitnisburður um námsárangur ykkar. Hvert sem leið ykkar liggur, til starfa eða framhaldsnáms, mun Háskólinn verða metinn eftir menntun ykkar hér.

Fyrir hönd háskólans óska ég ykkur og fjölskyldum ykkar hjartanlega til hamingju með þessu tímamót í lífi ykkar og ég óska ykkur velfarnaðar í því starfi, námi og lífi sem biður ykkar.

AUÐLINDAEILD

Baccalaureorum scientiarum í sjávarútvegsfræði
 Björn Brimar Hákonarson
 Eggert Högni Sigmondsson
 Eyþór Björnsson
 Helga Sigurrós Valgeirsdóttir
 Ólafur Eggertsson
 Svanberg Snorrason
 Tómas Arnason
 Baccalaureorum scientiarum honors í sjávarútvegsfræði
 Ásmundur Gíslason
 Ásta Hrönn Björgvinsdóttir
 Baldur Snorrason
 Steinar Rafn Beck Baldursson

HEILBRIGÐISDEILD

Hjúkrunarfræðibraut
 Baccalaureorum scientiarum í hjúkrunarfræði
 Arna Magnúsdóttir
 Auður Mjöll Friðgeirsdóttir
 Bjarney Þóra Halþórsdóttir
 Davíð Aðalsteinnsson
 Drífa Steindórsdóttir
 Elín Aðalsteinsdóttir
 Eyrún Kristinsdóttir
 Guðlaug Erla Vilhjálmsdóttir
 Guðrún Stefánsdóttir
 Gunnþóra Snæþórsdóttir
 Hallfríður Hjördis Eysteinsdóttir
 Hanna Vigdís Jóhannsdóttir
 Hrafnhildur Guðmundsdóttir
